

FÉLAGSBLAÐ STANGVEIÐIFÉLAGS KEFLAVÍKUR

1. TBL. 38. ÁRGANGUR 2021



Stangveiðifélag Keflavíkur

Hafnargötu 15 eh • 230 Keflavík • Sími: 421 2888
Heimasíða og vefverslun: svfk.is • Netfang: svfk@svfk.is

Söluskrá 2021



FÉLAGSBLAÐ STANGVEIÐIFÉLAGS KEFLAVÍKUR

1. tbl. 38. árgangur 2021

Útgefandi:

Stangveiðifélag Keflavíkur

Ritnefnd:

Stjórn félagsins

Svavar Ellertsson

Auglýsingar:

Stjórn félagsins

Hönnun:

Svavar Ellertsson

Prentun:

Stapaprent



Ný árnefnd hefur tekið til starfa við Vesturhópsvatn

Síðasta vor auglýsti SVFK eftir fólki, sem hefði áhuga á að taka að sér að sjá um þau störf sem til falla við veiðihúsið okkar, og svæðið sem tilheyrir okkur við Vesturhópsvatn.

Margir góðir aðilar sóttu um, þökkum við öllum sýndan áhuga og ákvað stjórnin að velja þá féлага Vilhjálm Ólafsson húsasmið og Ellert Björn Ómarsson arkitekt og húsasmið til að taka við árnefndarstörfum þar.

Lítum við björtum augum til samstarfs við þá féлага á komandi tímum.

Þeir félagar hófust strax handa við hin ýmsu verkefni. Var keyptur nýr notaður bátur í stað þess sem var orðinn illa farinn. Stærsta verkefni sumarsins var að hreinsa og mála húsið að utan. Fóru margar helgarnar í þessa vinnu og nutu þeir dyggrar aðstoðar fjölskyldu og vina.

Í fráfaranði árnefnd voru þeir Guðmundur Óskarsson og Ásgeir Húnbogason.

Þakkar stjórn SVFK þeim félögum, fyrir samstarfið og vel unnin störf á undanförunum árum.

Myndin á forsíðu sýnir Arnar Óskarsson með 80 cm hæng í haustveiði í Ármótum í Geirlandsá. Ljós. Fanney Dóróthe.

Allar myndirnar í blaðinu eru birtar án þess að höfundar sé getið. Ástæðan er sú að ritnefnd hefir fengið sendar myndir frá frá félagsmönnum jafnvel án þess að vita hver eigandinn er og því síður hver smelli af. Hér með er þakkað fyrir afnotin. Jafnframt viljum við hvetja veiðimenn til að taka enn fleiri myndir á komandi veiðitímabili.



Veiðibúð Keflavíkur

Fishing tackle Iceland

HAFNARGATA 21 KEFLAVÍK

SÍMI: 625-5253



13 FISHING



 Facebook.com/VeidibudKef



Stangveiðifélag Keflavíkur

Veidi á veirutímum

Heilir og sælir félagar í Stangveiðifélagi Keflavíkur.

Að loknu ári þar sem Covid-19 hefur farið líkt og sinueldur um allan heim, þá er ekki loku fyrir það skotið að flest okkar eru svona hálf dofin eftir allar fréttir af þeim hörmungum sem margir hafa orðið fyrir af völdum þessarar skæðu veiru. Mörgum löndum og landamærum var hreinlega lokað þar sem ástandið var orðið það slæmt. Við hér á Íslandi fórum ekki varhluta af þessu öllu en sem betur fer má kannski segja, urðu bylgjurnar hér ekki eins svakalega stórar og þær urðu sumstaðar. Samt má ekki gera lítið úr því sem gekk á hér þar sem fólk missti ættingja og fjölskyldumeðlimi, sem var gríðarlega sárt fyrir okkur öll hér á þessu litla landi, eða litlu þjóð réttara sagt.

Þeir aðilar sem byggja afkomu sína á því að framselja veiðileyfi til erlendra aðila fengu mikið högg í fyrri, þar sem erlendir veiðimenn sem tryggt höfðu sér veiðileyfi hér afþöntuðu í stórum stíl. Var innlendum veiðimönnum boðið að komast í eftirsóttar ár á tímum sem ekki höfðu staðið til boða fyrir þá í mörg ár. Sem betur fer þá kom eitthvað inn í kassann hjá þessum veiðileyfasöllum þannig að ekki fór illa. Einnig leituðu þeir til veiðiréttareigenda í einhverjum tilfellum og komust að samkomulagi við þá um tilhögun sem kom báðum aðilum til góða og bjargaði því sem bjargað varð.

Í okkar tilfalli, Stangveiðifélag Keflavíkur, þá höfum við byggt félagið upp af veiðimönnum hér innanlands sem margir hverjir hafa ekki átt þess kost að komast að, eða átt möguleika á að komast í þær ár sem erlendu veiðimennirnir hafa svo til einokað til fjölda ára. Við höfum ávallt lagt allt kapp á að hafa sem fjölbreyttast úrval af flóru veiðileyfa, eða í það minnsta reynt að gera okkar besta í þeim eignum. Reynt að hafa það þannig að sem flestir hafi getað fundið sér eitthvað við sitt hæfi hér hjá félaginu.

Sífelld verður það erfiðara og erfiðara fyrir stangveiðifélög að stunda veiðileyfasölu, eftir því sem þeim aðilum fjölgar sem sjá sér hag í því að fara inn á þá braut. Það sem gerir það sérstaklega dapurt er að íslenskir veiðimenn verða sífelld meira útundan þar sem einfaldlega er meira fjármagn að sækja hjá erlendum veiðimönnum sem oftast en ekki koma á vegum stórfyrirtækja. Þessa þróun er alveg hægt að skilja þegar horft er á hag veiðiréttareigenda, þar sem þeir, að sjálfsögðu, reyna að fá sem mest fyrir sinn veiðirétt skiljanlega. En að sama skapi þá verður það sífelld erfiðara fyrir okkur þessa



Gunnar J. Óskarsson

venjulegu íslensku veiðimenn, að komast t.d. til laxveiða á bestu tímum þar sem þeir standa einfaldlega ekki til boða eða réttara sagt þá er verðlagningin fyrir utan okkar þölmörk.

Þar af leiðandi hefur silungsveiðin orðið sífelld vinsælli hjá landanum með árunum og er nú svo komið að vötn eða lækir sem ekki nokkrum manni datt í hug að bleyta færi í vegna skorts á fiski eða stærðar hans eru orðin eftirsótt, einfaldlega vegna þess að okkur veiðimönnum fylgar en veiðivötnunum ekki. Nú vil ég taka fram og svo að ekki verði misskilið, að þetta er hið allra besta mál og alveg frábært að sem flest veiðisvæði séu nýtt ef kostur er á. En þegar horft er til framtíðar þá spyr maður óhjákvæmilega, hvað svo? Hvað svo, þegar við horfum á það að erlendum veiðimönnum á að sjálfsögðu eftir að fjölga líkt og okkur. Verður það ekki alltaf hagnaðar sjónarmiðið sem verður ofan á eða getum við einhvern veginn komið hlutum þannig fyrir að okkur veiðimenn hér á landi geti haldið áfram að stunda veiði um ókomna framtíð. Gert hlutina þannig að allir verði sáttir, bæði veiðiréttareigendur, veiðileyfasalar og veiðimenn? Ég veit að stórt er spurt og enginn tilbúinn með eitthvað svar sem leysir allt. En þetta er eitthvað sem við þurfum að huga að og finna lausnir á áður en það verður of seint að gera eitthvað, þegar hlutirnir eru komnir í einhverjar ógöngur fyrir okkur hér heima.

Silungsveiðin á Íslandi er svo mögnuð að leitun er að þannig veiði í heiminum. Við eigum herna urriða sem á ættir sínar að rekja aftur til isaldar og eru stærðirnar á þeim fiski alveg með ólíkindum. Við erum

með eina mögnuðustu sjóbirtingsveiði í heiminum og virðist stærðinni engin takmörk vera sett þar. Þá má nefna hálendið með öllum sínum vötnum og lækjum, en þar er fiskur svo að segja allsstaðar þar sem einhver bleyta er. Ísland er magnað veiðiland og búum því þannig um hnútana að afkomendur okkar geti upplifað sömu ævintýrin á veiðislóð líkt og við höfum.

Þegar farið er yfir veiðina á okkar svæðum í fyrri, þá kemur í ljós hún var alveg skrambi góð og rúmlega það. Sjóbirtingsveiðin fyrir austan var mjög góð og mikið af stórum fiski að veiðast bæði að vori og hausti. Geirlandsáin skilaði mjög góðri veiði en þar voru m.a. 161 fiskur sem var yfir 80 cm og af því voru 18 fiskar yfir 90 cm. Sömu sögu má segja af Fossállum en þar voru allmargir yfir 80 cm. Þeir sem leið sína lögðu í Hrolleifsdalsána fóru að sjálfsögðu glaðir heim, þar sem bæði veiði og fallegt umhverfi árinna er frábært. Þeir sem fóru í Vestur Hópið urðu ekki fyrir vonbrigðum, þar sem fín veiði og góður aðbúnaður glöddu hjarta gestanna. Veiði í Jónskvíslinni var frábær og mikið af stórum fiski á ferðinni. Voru þeir margir boltarnir sem barist var við þar. Þá var veiði í Grenlæknum fín og komu ágætis skot við og við. Miklar breytingar á aðgengi hafa átt sér stað þar og var vegurinn byggður upp á stórum köflum og merktur upp á nýtt. Auðveldar það allan akstur að og við veiðistaði.

Starfsemi félagsins var minni á liðnu ári en oft áður og var það fjandans veiran sem sá til þess að erfitt var að hittast og halda uppi venjulegu félagsstarfi. Að sjálfsögðu er rétt að benda á að alltaf eru til pláss í störfum innan félagsins fyrir duglega menn og konur sem áhuga hafa á.

Það eru orðnir fastir liðir að þakka þeim félögum Arnari Óskarssyni og Svavari Ellertssyni fyrir að matreiða ofan í okkur stórglæsilega söluskrá. Án þeirra værum við í miklum vandamáli með uppsetningu, öflun efnis og prentun á þessu frábæra blaði á hverju ári. Sem betur fer höfum við félagsmenn fengið að njóta hæfni og dugnaðar þeirra félaga. Kunnum við þeim félögum miklar þakkir fyrir.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hafa rétt okkur hjálparhönd og stutt félagið, en það er alveg ómetanlegt fyrir félög að eiga góða að þegar vantar.

Stjórnarfélagi, nefndarmönnum og veiðiréttareigendum vil ég þakka gott samstarf á nýliðnu ári.

*Hafið gott veiðiár.
Gunnar J. Óskarsson*



Opnun í Grenlæk svæði 4

Veidi á svæðinu var með mikum ágætum dagana áður en stjórn SVFK mætti á svæðið þann 11. maí en áin er opnuð þann 7. ár hvert. Ágætis veður var á svæðinu, vindsperringur og svolítið kalt er menn hófu veiðar en sólin braust fram þegar leið á daginn og gaf smá yl.

Það var Óskar Færseth sem gaf tóninn með því að setja í fyrsta birtinginn rétt neðan brúar. Á þessari fyrstu vakt náðist að landa 25 fiskum víðsvegar um svæðið

og voru menn sáttir þegar rennt var í hús um áttaleytið. Daginn eftir var ekki farið út fyrr en um kl 10, var lofthitinn ekki nema 3 gráður og frekar þungt yfir en það rættist úr á seinni vaktinni þar sem það gekk niður í logn og fiskur fór að sýna sig. Það var landað 73 fiskum á þessum degi og fóru ekki nema 2 stangir út að veiða í ca tvo tíma síðasta morguninn. Það sem einkenndi veiðina var hrygningarfiskur í öllum stærðum og ekki nema örfáir

geldfiskar sem voru allir horaðir og markast það sjálfsagt af því hversu seint voraði á veiðisvæðunum fyrir austan. Það er lítið um flugu þegar kalt er og ís og snjór yfir svæðinu. Hollið endaði með 103 fiska og var nánast öllu sleppt. Það verður að minnast á því líkur munur það er að keyra á þurru um veiðisvæðið eftir að vegurinn var færður til og lagaður í fyrra. Löngu þörf og vel heppnuð framkvæmd.



Forúthlutunarreglur

- Allir þeir sem eru félagsmenn S.V.F.K. hafa rétt til að sækja um veiðidaga í forúthlutun.
- Aðeins skuldlausir félagar koma til greina við úthlutun veiðidaga.
- Umsókn þar sem sótt er um allar stangir af félagsmönnum hefur forgang, t.d. sé sótt um tvær stangir þá þarf tvo félagsmenn og þrjár stangir þurfa þrjá osfrv.
- Á hverri umsókn er gefinn kostur á að sækja um aðaldaga og einnig varadaga.
Eru varadagar hugsaðir sem möguleiki fyrir þá, sem ekki eru bundnir eingöngu af þeirri dagsetningu sem þeir sækja um sem aðaldaga.
Þeir sem setja varadaga á sína umsókn gefa þá þann möguleika að þeir séu færðir á þá, en það er eingöngu gert ef fleiri umsóknir eru á aðaldögum viðkomandi umsóknar.
Færsla á varadaga kemur þó aldrei til greina sé sótt um þá (varadagana) sem aðaldaga á umsóknum annarra aðila.
Sé umsókn færð á varadaga fellur út sá réttur að fá að varpa hlutkesti um aðaldaga umsóknarinnar, þar sem viðkomandi aðili hefur þá þegar verið færður á varadagana og fær því þeim dögum úthlutað.
- Sé umsóknir um aðaldaga jafnsterkar og varadagar ekki teknir fram, skal reynt að hafa samband við alla, þeim gerð grein fyrir stöðunni og athugað hvort einhverjir geti fært sig sé sá kostur er fyrir hendi. Geti viðkomandi ekki fært sig skal varpa hlutkesti um hver umsóknanna hljóti úthlutun. Þeir sem tapa hlutkestinu eiga þá aðeins möguleika á því að velja úr þeim leyfum sem eftir eru, eftir að úthlutun lýkur.
- Sé umsóknin ekki fullgild eða vægi hennar ekki nógu sterkt

er hún sett til hliðar og unnið úr henni eftir að úthlutun lýkur á viðkomandi veiðisvæði.

Hinsvegar getur viðkomandi umsókn fengið úthlutað veiðileyfi svo lengi sem aðrar sterkari umsóknir séu ekki á viðkomandi dögum.

- Vægi umsókna á aðaldaga margfaldast ekki þó umsóknir séu fleiri en ein á sömu aðaldaga af viðkomandi hóp félagsmanna.
Þá geta félagsmenn ekki sótt um marga samliggjandi veiðidaga sem aðaldaga á sama veiðisvæði. Sé það gert þá mun einungis umsóknin með fyrstu dagsetningunni vera tekin til greina og hinar umsóknirnar vera ógildar. Sama á við um ár eins og t.d. Jónskvísl og Grenlæk sv4 þar sem veiðidagar eru ekki endilega samliggjandi og hollin því ekki mörg.
Sama á við á þeim svæðum, einungis umsóknin með fyrstu dagsetningunni mun vera tekin til greina og hinar umsóknirnar vera ógildar.
Þetta á eingöngu við sé um mikla ásókn að ræða á viðkomandi veiðisvæði og réttur til þess að draga spil um viðkomandi daga getur þá dottið sjálfkrafa út.
- Þeir sem sækja um leyfi í forúthlutun á vefnum eiga að berast staðfestingar í tölvupósti frá skrifstofu innan tveggja sólarhringa, fyrr er umsóknin ekki gild.
- Sé félagsmaður óánægður með úthlutun sína getur hann undir umsjón forsvarsmanns úthlutunar á viðkomandi ár svæði, fengið að skoða hvernig var farið með umsókn hans.

*Stjórn S.V.F.K. ber ábyrgð á úthlutun veiðileyfa
og úrskurðar um vafaatriði*

Aðalleikarinn settur á ís

Þetta veiði leikrit eins og ég kys að kalla þessa sögu, gerðist fyrir nokkrum áratugum í laxveiðiá í Borgarfirðinum, nánar tiltekið Reykjadalásá. Lengi hefur staðið til að setja þessa sögu niður á prent en einhverra hluta vegna hefur aldrei orðið af því fyrr en nú. Hefst nú ævintýrið.

Í mörg ár höfðum við félagarnir í þessu veiðigengi farið til veiða í Reykjadalásá, ásamt að sjálfsögðu fleiri svæðum sem hafa verið innan handa Stangveiðifélags Keflavíkur. Veiðigengið samanstóð af okkur félögum, mér, Arnari bróðir mínum, föður okkar bræðra Óskari, og Guðjóni eða Gauja eins og við köllum hann. Í túrunum í Reykjadalásá höfðum við hlutina þannig að Arnar og Guðjón voru saman á annari stönginni en ég og pabbi deildum hinni. Fyrir þá sem ekki vita þá voru aðeins leyfðar 2 stangir í ánni. Faðir okkar bræðra hafði lúmskt gaman af því í gegnum árin að búa til einskonastríðni og grín tengt því hvor stöngin fengi fleiri fiska á vaktinni. Var oft ansi mikið hlegið í veiðihúsinu að kvöldi eftir velheppnaða vakt, hvort heldur stöng Arnars og Gauja eða mín og pabba hafði verið heppnari. Léttum pillum og skotum var laumað út, með samblandi af sögum dagsins og hafði pabbi óendanlega gaman af því að nota tækifærið ef stönginni okkar hafði gengið betur.

Nú var komið að því. Enn ein veiðiferðin framundan og ekki laust við að spennin væri farinn að gera vart við sig. Búið var að fá sig lausan frá vinnunni og allt að verða klárt. Ég var að vinna við handflökun á þessum árum og voru þær allnokkrar tegundirnar af fiskum sem fóru í gegnum hendurnar á þessum tíma. Þar á meðal kom það fyrir að eldislax datt inn á borð til flökunar. Svo vildi til að tveimur dögum fyrir þennan veiðitúr datt in á borð eldislax til flökunar. Var þetta mikið til fiskur sem hafði verið notaður til undaneldis og voru þar af leiðandi margir hverjir orðnir ansi stórir. Aldrei vissi ég hvað var gert við flökin eftir að ég hafði farið höndum um fiskinn. Voru sum hver ansi stór, og voru þau flutt til baka til eldisins eftir flökun. Í þetta skiptið, innan um hrúguna sem var í flökunarkarinu, var fiskur sem leit nokkuð vel út, ef hægt væri að segja það, um 24 pund eða 12 kg, og með nokkuð heillega ugga.

Það læddist að mér hugmynd.

Eftir vinnu fór ég heim, hélt áfram að þróa hugmyndina sem ég hafði fengið um daginn, og blandaðist spennin yfir hugmyndinni við tilhlökkun veiðiferðarinnar svo úr varð alveg óbærilegur kokkteill. Um kvöldið var ég orðinn svo spennur að ég hreinlega varð



Arnar Óskarsson með 18 punda original „leikmun“



að segja einhverjum frá hugmyndinni og að sjálfsögðu varð það pabbi sem varð fyrir valinu. Hann var jú sá sem var með mér á stöng og hugmyndin sem var orðin fullmótud þegar þarna var komið við sögu, innihélt hans þátttöku. Þannig að það var orðið tímabært að tilkynna honum um hans þátttöku í þessu uppátæki.

Það var liðið á kvöldið þegar ég bruna heim til foreldra minna. Geng inn og þá kemur í ljós að mamma var enn á fótum enn pabbi farinn inn í rúm. Ég var nú ekki mikið að velta því fyrir mér og óð inn í svefnherbergi. Sem betur fer var hann

ekki sofnaður, ég settist á rúmstokkinn hjá honum áður en hann gat sagt neitt og fór yfir þessa brilliant hugmynd, að því er mér fannst, með honum og beið svo eftir viðbrögðum. Eftir smá stund þegar hann var búinn að melta hugmyndina og jafna sig á „árásinni“ inn í svefnherbergið sá ég glampa kveikna í augnum hans. „Heyrðu, þetta er það klikkaðasta sem ég hef heyrt en þetta er frábær hugmynd. En heldur þú ekki að þeir verði brjálaðir út í okkur?“ Þarna var hann að meina Arnar og Gauja. „Hafðu engar áhyggjur af því, við þekkjum þá nú betur en það“ sagði ég við hann hughreystandi. Því þó hann hefði gaman af léttu stríðni þá vildi hann aldrei særa neinn eða ganga of langt í stríðninni svo einhver yrði sár af. Það var ekki hann.

Mér tókst að tala hann inn á þátttöku í þessu uppátæki, sem það var orðið núna þar sem þetta var ekki lengur bara hugmynd heldur var búið að ákveða þetta, og fór ég nánar yfir áætlanina með honum sitjandi á rúmstokknum hjá honum. Eftir dágóða stund þá gaf ég honum leyfi til



Eldislaxinn 24 punda

Þess að fara að sofa og kvaddi, ennþá spenntari eftir þennan „neyðarfund“ á rúmstokknum.

Morgun fyrsta veiðidags rann upp bjartur og fallgur. Ég bar veiðitöskur og sængurföt úti jeppa. Sótti Arnar og pabba, og síðan var lagt í hann. Guðjón bjó í Reykjavík og kom á sínum jeppa upp í Borgarfjörð.

Þegar komið var í veiðihús var að sjálfsögðu fyrsta verk að bera allt inn úr jeppunum. Frauðplastkassinn sem innhélt ís var skilinn eftir í jeppanum mínum, ef við skildum nú vera heppnir að setja í fisk. Á þessum tíma tíðkaðist það ekki að sleppa fiski og bið ég lesendum um að hafa það hugfast við lestur þessarar sögu. Allir drifu sig í vöðlurnar og tilheyrandi fatnað, ákveðið var hverjir byrjuðu á neðri hluta árinna og hinir þá á þeim efri, stangirnar settar saman og svo spólað af stað. Við pabbi fengum neðri hlutann í okkar hlut og var brunað beint niður í Klettsfljót. Eitthvað náðist af fiski þar og að sjálfsögðu sendi pabbi sms á hina strákana í hvert skipti. „1 á land“ „Númer 2 á land“ og áfram hélt það. Þarna þekkti ég hann, stríðinn fram í fingurgóma. Við vorum heppnir en eitthvað var lítið um svör eða skeyti frá hinum. Það kímði í pabba og hann sagði „heldur þú ekki að það fari hrollur um þá í hvert skipti sem þeir heyra í pípið í símanum“ við brostum létt að þessu enda mundum við eftir því að hafa verið í þeirra sporum og hlegið að því þegar þeir kaffærðu okkur í skeytum þegar vel gekk hjá þeim.

Nú var komið að því !

Við vorum staddir við veiðistað sem heitir Kársnesfljót. Hérna látum við verða af því, sagði ég við pabba. Við fórum báðir út úr jeppanum. Hann hallaði sér upp að jeppanum á meðan ég óð út í ána, bara svona rétt upp fyrir ökkla. Þar tók ég upp símann og hringdi í Arnar. Klukkan var nákvæmlega 17.40. „Heyrðu“ segi ég þegar hann svaraði, og fer að ösla fram og til baka í grunnu vatninu svo að vel heyrðist í símanum til Arnars. „Pabbi er búinn að setja í þennan svakalega bolta og er búinn að vera með hann í 10 mín, hann ræður ekki neitt við neitt. Ég er að hlaupa með honum hérna fram og til baka og reyna að hjálpa honum. Við erum búnir að sjá hann, og drengur, þetta er alveg svakaleg skepna“. Það kom þögn í símann hinum megin en síðan heyrdist bara „neihei, ertu ekki að grínast“ Ég hélt nú ekki, þetta væri fúlasta alvara og ég blés og hvæsti í símann líkt og ég væri alveg að springa á því að elta pabba um allt í Kársnesfljótinu. „Gau! Kallinn er búinn að setja í einhverja svakalega skepnu og þeir eru að eiga við hann núna, hlaupandi á eftir honum um allt, þeir ráða ekki neitt við neitt“ heyrir ég að Arnar öskrar til Gaua. Á þessum tímamarki leit ég í áttina að jeppanum og sá pabba engjast um af hlátri og lyfta síðan litlum



Gunnar Óskarsson handritshöfundur og Óskar Gunnarsson meðleikari urðu bókstaflega að koma veiðifélögunum í gang aftur eftir uppsetningu farsans

kóníaksfleyg á loft sem komið hafði með í túrinn, skála og dreypa síðan létt á. Það lá við að honum svelgdist á þar sem að hann hló svo mikið að atganginum í mér öslandi fram og til baka, hrópanði og kallandi, og reyna að tala í símann við Arnar til að lýsa hamagangnum með „fiskinn“ á meðan.

„Látið þið okkur vita þegar hann er kominn í land og búnir að vigta og svoleiðis“ Sagði hann síðan. „Yes sir gerum það“ sagði ég sveittur og mäsandi, og sleit sambandið. Við hlógum svo mikið feðgarnir að þessu, að við vorum alveg sammála um það að sleppa því að veiða þarna og jafna okkur aðeins í kjálkunum á leiðinni til veiða ofar í ánni.

Vikur nú sögunni ofar í ána, þó nokkuð seinna, við veiðistað sem heitir Nesfljót. Eftir að við vorum búnir að vera við veiðar á þessum stað í dágóða stund þá segir pabbi „Hvernig er það á ég ekkert að fara að landa þessum stóra“ og brosir grallaralega til mín. Ég leit á klukkuna og sagði „Það er bara akkúrat kominn tími á þetta“ Þarna var klukkan orðin 18.45 ! Þið munið hann tók kl 17.30.

Ég hringi, það er svarað og speningurinn leynir sér ekki hinum megin. Ég segi „hann var að detta í land“ „Ha, núna fyrst ! Er kallinn búinn að vera með hann á í allan þennan tíma?“ Ég svaraði því til að þetta hafi verið svo svakalegt tröll að það hafi þurft að fara varlega til þess að slíta ekki línuna eða missa hann. „Hvað er hann eiginlega þungur?“ “24 pund“ öskra ég á móti. Það komu bara skruðningar og læti í símann, loksins hálfhrópar Arnar á mig „Ertu ekki að grínast með þetta ! Þetta er svakalegt“ Á milli þess sem hann er að tala um stærsta fisk úr ánni nokkur tíman og ótrúlegan tíma sem tók að landa honum og ýmislegt annað, þá heyrir ég hann vera að kalla á Gaua og segja honum fréttirnar, þar sem Gaui stóð við veiðar. Arnar kemur aftur í símann og eftir mikið spurningaflóð um fiskinn og aðstæður, þá segir hann „Við hittumst uppi húsi og þá skálum við fyrir fiskinum og kíkum á hann“ Ég samþykkti það og sagði pabba eftir símtalið, hvað

hefði farið okkar á milli og hvernig viðbrögðin hefðu verið á hinum endanum. Þegar ég var að snúa mér við frá honum í átt að jeppanum, þá sá ég hvernig hann hristist og skalf af hlátri þar sem hann sneri baki í mig og kastaði á Nesfljótið.

Nú var komið að aðalleikaranum í þessu leikriti. Þið munið eftir stóra eldislaxinum, þessum 24 punda sem ég hafði séð í vinnunni. Það er skemmst frá því að segja að ég hafði sett hann í frauðplastkassann sem kom með að heiman, undir ísinn, og nú var komið að því að dubba hann upp, pússa af honum ísinn og laga til í laxaslöngu. Aðalleikarinn varð náttúrulega að líta vel út áður en að frumsýningu kom fyrir framan fleiri áhorfendur en mig og pabba.

Á leiðinni upp í veiðihús þegar vaktinni var lokið, þá segi ég við pabba að hann verði að halda andliti á meðan hinir félagar okkar skoði fiskinn. Hann verði að líta svolítið montinn út og aðeins að gefa þeim pillur um það hvort hann eigi ekki að vera með kennslu í fyrramálið um það hvernig eigi að setja í þann stóra. Sérstaklega sagði ég við hann að hann þyrfti að halda sér á meðan Arnar skoðaði fiskinn þar sem hann væri mjög glöggur að taka eftir því ef um einhverjar „misfellur“ væri að ræða á fisknum og væri mikilvæg pæleri, sérstaklega þegar um svona merkilegan fisk var að ræða. Jájá hann sagðist gera sitt besta og bætti við að veiðihúsið væri að breytast í leikhús eftir augnablik.

Við rennum í hlað, Gaui og Arnar voru komnir og voru inni í húsi. Ég segi við pabba að við skulum taka fyrst smálaxana og skellum þeim á pallinn, svo eigi hann að fara og sækja truckinn. En hann verði að passa sig að láta hann á pallinn eins og hann lá í skottinu, þar sem önnur hliðin leit aðeins ver út en hin.

Gaui og Arnar komu stormandi út með bros sem náði langleiðina á milli eyrnanna. „Helv... er hann seigur sá gamli“ sagði Gaui, þar sem pabbi var að leggja 3 fallega smálaxa á pallinn. Ég sagði þeim að þetta væri sko aldeilis ekki allt, eins og þeir vissu. Pabbi arkaði út í jeppa, fer í skottið

og segir „Ég held að ég þurfi hjálp við að halda á honum. Nei bara grín hjá mér“ bætti hann svo við. Hann dröslast upp á pallinn með hann og þar sem hann leggur tröllid á pallinn þá heyrðist, „Vááááá“ samhljóða frá bæði Gaua og Arnari. Þeir urðu síðan alveg orðlausir og rönkuðu ekki við sér fyrir en ég spurði þá hvort að við ættum ekki að skála fyrir þessum magnaða fiski. „Jú endilega“ og var koníakspelin góði látinn ganga á milli manna. Á meðan á öllu þessu stóð, stóð pabbi og reyndi að láta á engu bera. Hann náði sperrta hananum skrambi vel þó ég segi sjálfur frá, en ég vissi sem var að hann þurfti að hafa mikið fyrir því að láta á engu bera.

Það fór eins og mig hafði grunað að Arnar myndi leggjast í mikla rannsóknarvinnu og grandskoða fiskinn. Þá fyrst sá ég að pabbi var alveg að springa, sneri hann sér út að handriðinu og þóttist snýta sér í vasaklúttinn til að láta á engu bera á meðan þeir félagarnir og þá sérstaklega Arnar skoðuðu þennan merka fisk. Gaui var búinn að skoða og var orðinn sáttur en Arnar hélt áfram að skoða, og greinilegt að með hverri mínútunni sem leið þá fannst honum merkilegra og merkilegra hversu uggaskemmdur fiskurinn væri. Þessi hængur hlyti að hafa verið í mikilli baráttu við aðra töffara í ánni þar sem svona mikið sæist á honum.

Þá kom að því að pabbi gat ekki haldið aftur af sér lengur og sprakk úr hlátri á meðan hann sagði þeim að þetta væri eldisfiskur sem við hefðum komið með að sunnan. Það var eins og við hefðum



Oskar Gunnarsson með lax sem fékk ekki hlutverk í uppsetningunni



Gunnar J Óskarsson leikstjóri, handritshöfundur, leikmunahönnuður á aðalsviðinu, Kársnesfljóti, þar sem leikritið var sett upp

kastað blautri tusku í andlitid á þeim. Að sjálfsgöðu datt ekki nokkrum í hug að við hefðum dröslað eldilaxi með okkur í veiðiferð og allra síst einhvern stærsta fisk sem sést hafði í þessari á fyrri og síðar. Gaui þurfti að labba inn í stofu í veiðihúsinu og setjast niður og jafna sig, en Arnar var aðeins fljótari að ná áttum og áttaði sig á gríninu. Eftir smástund þegar Gaui hafði náð áttum, kom hann út og saman hlógum

við allir að þessu uppátæki. Áttu þeir ekki til orð yfir því að okkur (mér) hefði dottið þetta í hug og að láta verða af því. Og að sjálfsgöðu labbaði koníakspelin góði á milli okkar á meðan við skemmtum okkur yfir þessu

Mér hafði hlotnast sá heiður að sjá um matinn fyrsta kvöldið og hafði ég ekkert nefnt við þá féлага um hvað ég ætlaði að hafa í matinn. Ég upplýsti þarna þar sem við stóðum, að við værum að horfa á kvöldmatinn og myndi ég flaka hann svo við gætum skellt honum á grillið. Ég veit að sum ykkar eruð farin að brosa að þessu að ég hafi ætlað að hafa þennan gaur í matinn. Enda hárrétt hjá ykkur. Eftir fyrsta hnífsbragð við flökunina gaus upp þvillík fitu og lýsisstækja að strákarnir hlupu útúr húsinu og spurðu hlægjandi hvort ég ætlaði að eitra fyrir þeim. Að sjálfsgöðu var plan B virkjað og þessu reiddað með því að taka einn af þessum fallegu smáu sem við höfðum fengið áður um daginn.

Svo er það endirinn á sögunni um þessa eftirminnilegu veiðiferð.

Morguninn eftir vöknudu menn og var kvöldið á undan rífað upp yfir morgunmatnum við mikinn hlátur þar sem allir voru núna orðnir þáttakendur í þessu litla leikriti og vissu endinn. Haldið var út til veiða. Okkur pabba gekk ágætlega en þeir félagar Arnar og Gaui voru heldur betur í studu. Vorum við pabbi vægast sagt farnir að fá hroll í hvert skipti sem síminn pípti og pabbi kallaði „Þeir voru að landa einum í viðbót“ Við hlógum að því að okkur væri að hefna fyrir kvöldið áður. Svo var komið hlé.

Við feðgar komum á undan hinum í hús og vorum við að klæða okkur úr vöðlunum úti á palli, þegar við sjáum þá féлага koma syngjandi og trallandi með rúðurnar skrúfaðar niður og tónlistina í botni. „Það er aldeilis uppi á þeim typpið núna“ segi ég við pabba „Nú fáum við að heyra það“. Líkt og við pabbi höfðum gert kvöldið áður skella þeir fallegum smálöxum á pallinn og við dáumst að þeim og smellum „fimmu“ á veiðimennina. En eftir smástund þá kemur grallaravipur á Arnar og hann laumar sér út í skott. „Toppiði þetta“ segir hann um leið og hann leggur þennan líka svaka boltann á pallinn. Það hrökk oní okkur pabba. „Hvað er þessi stór eiginlega?“ spyr ég. „18 pund“ var svarið. Svo var bætt við „Þessi er original, ekki eldiskrápur“ Að sjálfsgöðu varð mikil gleði á pallinum og mikið hlegið að því að þetta skyldi gerast strax á vaktinni eftir ævintýrafiskinn. Reyndist þetta vera verðlaunafiskur þetta árið.

Þetta er kallað að svara fyrir sig. Eigið góðar stundir á bökunum í sumar.

Gunnar J. Óskarsson

VEIÐIKORTIÐ
2021

Frelsi til að veiða!

Sértilboð fyrir SVFK

veidikortid.is/svfk

Vorveiðin í Fossálunum

Þegar landeigendur leituðu til SVFK með að prófa vorveiði í Fossálunum þá skoraðist félagið ekki undan því og var ákveðið að að veiða hana með þeim skilyrðum að eingöngu yrði leyfð fluga og öllu sleppt.

Árnefnd Fossála gerði tilraun til að opna ána 1. apríl. Í ljós kom að töluverður snjór var ennþá á svæðinu og þótt að búið væri að ryðja langleiðina að veiðihúsinu þá lá töluverður krapí í ruðningunum. Þegar húsið var opnað kom síðan í ljós að ekki var hægt að koma vatni á húsið og var því ákveðið m.t.t. hreinlætis að fresta opnuninni á ánni í bili. Þessi vandamál stóðu þó ekki í vegi fyrir því að athuga hvort einhver fiskur myndist í ánni. Vegna snjóalaga var ófært að neðri svæðum árinna en aðgengi að efri stöðum var ágætt. Aðstæður voru ekkert sérstakar, mikill kuldi, rok og ærandi birta. Þrátt fyrir það tókst að töfra upp einn birting og sá var sannarlega af stærri gerðinni. Ragnar Guðberg, 8 ára stórveiðimaður, sá um að landa fisknum með glæsibrag og kom þá í ljós 93 cm fallegur fiskur. Fiskurinn tók fluguna Dentist í fish skull útgáfu.

Var í framhaldinu ákveðið að fresta allri veiði í ánni um óákveðin tíma. Næsta hollí var ekki hleypt á svæðið fyrr en 15. apríl þegar aðstæður höfðu lagast. Náðist að landa fjórum fiskum á veiðistað nr 13,5 og mikið var leitað um svæðið. Rétt áður en þeir luku síðustu vakt þá fundu þeir fullt af fiski á efsta veiðistaðnum nr 19 og settu í einn rétt fyrir hættutíma en sá náðist ekki á land. Hollið á eftir fékk svo þrjá fiska á efsta staðnum. Stærstir voru 78 og 83 cm hængur.

Renndum við nokkuð blint í þetta fyrsta ár í vorveiði og eiga þeir veiðimenn sem fara á svæðið eftir að skapa veiðireynsluna, hvar fiskurinn heldur sig, hvar veiðist best á vorin ofl. Má segja að fyrsta árið sé varla marktækt sökum skilyrða og þeirrar staðreyndar að eingöngu tvö holl fyrir utan opnun fóru til veiða.



Feðgarnir Ólafur Ragnar Pétursson og Ragnar Guðberg alsælir með 93 cm ferlíkið



Arnbjörn Arnbjörnsson kátur með 83 cm hæng á efsta veiðistaðnum

A

TRÉSMÍÐI
REYKJANESBÆ
893 9329
898 6945



Frá veiðimönnum...

Vesturhópsvatn 10. júní

Fannar Ingi Arnbjörnsson skrifar

Vorum að koma úr Vesturhópinu, veiddum 24 stykki. Sá stærsti var 50cm.

Hrolleifsdalsá 20. júlí

Ögmundur Erlendsson skrifar

Vorum að klára veiðar og er nýgengin bleikja mætt á svæðið.

Fyrstu tvær vaktirnar var áin eitt fljót og óveiðanleg eftir allar rigningarnar. En í gærkvöldi dróg til tíðinda og gerðum við góða veiði. Takk fyrir okkur

Geirlandsá 21. júlí

Óskar Færseth skrifar

Flottar fréttir frá Jóni Marteinsyni úr Geirlandsá. Stórir og fallegir laxar. Fengu 5 laxa frá 7.5 pundum upp í 12 pund, lax upp úr öllu að sögn Jóns.

Geirlandsá 27. júlí

Guðbjörg Rúna skrifar

Við áttum dásamlega daga við veiðar í Geirlandi í brakandi blíðu Ragnar Guðberg fékk mariulaxinn sinn á krakkastöngina hennar Ólafíu. Hann hefur veitt marga stóra sjóbirtinga í gegnum árin en loksins kom fyrsti laxinn á land og var hann í skjúnunum með mariufiskinn. Hann var 57 cm og 1,5 kg

Við veiddum 4 laxa, 7 bleikjur og 2 urriða sem við áttum ekki von á í blíðunni

Jónskvísl 28. júlí

Arnar Óskarsson skrifar

Okkur voru að berast fréttir austan úr Jónskvísl og eru það fyrstu sjóbirtingfréttirnar sem okkur berast þetta sumarið.

Sigursveinn Bjarni Jónsson og Fríða Stefánsdóttir voru þar við veiðar og sendu okkur eftirfarandi línur; „Það kom ganga undir kvöld (27. júlí) á breiðuna undir Fossum, þeir reyndu við neðsta fossinn, ca 6-7 birtingar og þar af eitt monster. Gáfust þeir upp á endanum og hvíldu sig á breiðunni fyrir neðan. Fóru svo að stökkva ca hálf tíma síðar og urðum við mikið vör við hann en náðum aðeins að landa einum“. Birtingurinn var 62 cm og 2 kg.

Þetta þýðir að sjóbirtingurinn er klárlega mættur í Grenlæk sv 4, þó svo að okkur hafi ekki borist fréttir þaðan, þar sem Jónskvísl rennur í Grenlæk rétt fyrir ofan sv 4.



Daði Þróstur Þorgrímsson með fallegan birting við Mörtungunef í Geirlandsá

Hrolleifsdalsá 2. ágúst

Sigríður Ólafsdóttir skrifar

Vorum að koma heim úr okkar árlega sumartúr í Hrollu, aflabrögð voru nokkuð góð fengum 16 bleikjur og 2 urriða. Fiskar á mörgum stöðum.

Takk fyrir okkur alltaf gaman að koma í Hrollu.

Fossálar 3. ágúst

Arnar Óskarsson skrifar

Fengum við sendar nokkrar línur frá veiðimanni sem var við veiðar dagana 30/7-3/8 og varð honum svo að orði:

„Þarna geysaði löðrandi slagveður mest allan tíman og áin var illúðleg þangað til í blálökin. Varð samt ekkert var við birting en landaði einni finni bleikju og missti aðra í 17. Sú sem slapp var tröll (að sjálfsgöðu) Gleymdi samt að bóka, sorrí. Sú sem slapp hefði mögulega verið mín stærsta bleikja og hef ég þó fengið þær upp í 7 pund. Ég var með hana á í ca 5 mínútur og hún var farin að þreytast eftir mikil læti. Var tvisvar með hana mjög nálægt mér, 8-10 pund og mjög svört og rauð...sú sem ég landaði var ca 1,5 pund“

Jónskvísl 5. ágúst

Arnar Óskarsson skrifar

Við sögðum frá því í júlí að birtingurinn væri mættur í Jónskvíslina. Heyrðum við í Grétari Sigurbjörnssyni

og Benedikt Bjarna Albertssyni sem, ásamt konum sínum, áttu góðar stundir á bökkum Jónskvíslar og Sýrlæks dagana 3.-5. ágúst. Sögðu þeir mikið af fiski vera gengið í ána en of gott veður hefði komið í veg fyrir frekari veiði.

Þau náðu samt tveimur fallegum birtingum og voru mjög sátt með túrinn.

Fossálar 10. ágúst

Óskar Færseth skrifar

Karl Gústaf Davíðsson og frú eru stödd við veiðar í áluunum og er satt best að segja að það er allt á floti, en hann gefst ekki upp og ætlar að renna fyrir birtinginum í fyrramálið en að hans sögn var áin aðeins farin að jafna sig undir kvöld.

Fyrstu birtingarnir komu upp þann 4 ágúst er veiddust 4 góðir birtingar.

Geirlandsá 12. ágúst

Arnar Óskarsson skrifar

Ein hver laxveiði ásamt bleikju í bland hefur verið í sumar í Geirlandsá. Frekar lítið vatn hefur verið fyrir austan en það kom allhressilegt rigningarkast í hana um helgina og sýndi mælirinn við Flatarhyl að rennslið hefði þotið úr 13 m³/s í yfir 100 m³/s á 16 tímum og því einungis tímaspursmál hvenær birtingurinn myndi riðjast upp sandana.

Heyrðum við svo af því í kvöld (12. ágúst) að hann væri mættur, það hefðu

fengist þrír fallegir nýgengnir birtingar á kvöldvaktinni í dag.

Veiddust þeir allir í Ármótunum í flugvatni (minnkandi samt) og bongoblíðu (18 stiga hita og sól), tveir þeirra reyndust 61 cm hængar og ein spikfeit 67 cm hrygna með halalús sem var sleppt aftur.

Var stökkvandi birtingur á svæðinu og spennandi tímar framundan.

Grenlækur sv 4, 14. ágúst

Óskar Færseth skrifar

Erum staddir í Grenlæk félagarnir í 18 til 20 stiga hita og höfum sett í 6 flotta birtinga stærsti 14 pund bara gaman. Fiskur að ganga og búin að vera sæmileg veiði svona snemma í læknum.

Geirlandsá 15. ágúst

Styrmir Fjeldsted skrifar

Vorum 8 félagar saman mættir í fyrsta skiptið í Geirlandsánnu dagana 13-15 ágúst.

Við vorum nokkuð snemma í því hvað varðar sjóbirtingsvon en fréttir dagana á undan af sjóbirtingsgöngum fylltu menn af bjartsýni. Veðrið þessa dagana var hreint lygilegt, glampanði sól og logn allan tímann og hitinn í kringum 20 gráður.

Mikið líf var í Ármótum, Skóghyl og Kleifarnefi og voru Ármótin sérstaklega lífleg en takan var virkilega treg enda engar kjöraðstæður til veiða.

Hópurinn endaði með þrjá laxa og einn sjóbirting og var hópurinn sammála um að koma aftur að ári reynslunni ríkari.

Fossálar 22. ágúst

Einar Tryggvason skrifar

Tveir laxar í dag úr veiðistað nr 15 og tveir sjóbirtingar á land í veiðstað nr 17.

Hrolleifsdalsá 23. Ágúst

Gunnar Leo Helgason skrifar

Góð helgi í Hrollu og fyrsti lax sumarsins veiddur af Hlöðver Inga Gunnarssyni.

Geirlandsá 31. ágúst

Óskar Færseth skrifar

Gunnar Sigurðsson og félagar voru við veiðar 29.-31. ágúst og var sól og blíða þann 29. en fór svo að rigna þann 30. og fengu þeir 5 fiska í gær 4 birtingar og einn lax. Stærsti birtingurinn var 78cm, áin fór svo á yfirfall í morgun og var óveiðandi, ættu næstu dagar að vera flottir eftir þetta flóð.

Geirlandsá 2. sepi

Arnar Óskarsson skrifar

Það var aldeilis veisla í gær 1. sepi þegar sett var í 16 fiska. Náðist að landa 12 nýgengnum birtingum í svakalegum stærðum margir hverjir Allir fengust



Ragnar Vilhjálmsson, Ólafía Rún og Ragnar Guðberg Ólafsbörn alsæl með aflabrögð

í Ármótunum utan eins sem fékkst í Tóftarhyl. Stærstir voru 75, 86, 89 og 90 cm hrygna sem fékkst á Black Ghost. Allir sílspikaðir og flottir. Torfurnar eru mættar.

Geirlandsá 4.-6. sepi

Gróa Sigurbjörnsdóttir skrifar

Hollið þann var með 12 fiska, 3 bleikjur og 9 birtinga, fengum alls konar veður, brjálað rok og svo rjóma blíðu.

Geirlandsá 6. sepi

David Zehla skrifar

Við fundum þessa finu flösku í veiðihúsinu við Geirlandsá. Ég vissi ekki að Whisky fylgdi með veiðuleyfinu. Mikil rigning og 1 sjóbirtingur komin á land 77 cm.

Geirlandsá 8. sepi

David Zehla skrifar

Toftarhýlur gaf okkur fina veiði. Það var fullt af fallegum fiskum í Geirlandi. Kleifarnefi og Skóghylur.

Fossálar 7. sepi

Óskar Færseth skrifar

Góður dagur í Fossáalum. Egil Aagaard-Nilsen fékk flottan birting og Guðjón Sigurður Rúnarsson fékk einn flottann birting í morgunsárið þann 8. sept. Bara flott.

Fossálar 12. sepi

Óskar Færseth skrifar

Hólmgeir Hólmgeirsson og félagar voru að koma úr Fossáalum í dag og fengu þeir flotta veiði eða níu birtinga frá 3 pundum upp í 9 pund og fiskur víða í álnum að hans sögn, gott vatn, takk fyrir fréttirnar.

Grenlækur sv 4, 15. sepi

Óskar Færseth skrifar

Eiður Mar og félagar settu í flottan 72 cm birting á flugu í dag og tók hann hvítan streamer á vesturbakkanum.

Jónskvísl 15. sepi

Stefanía Helga Björnsdóttir skrifar

Frábærri ferð hjá Veiðifélaginu Votar varir í Jónskvísl og Sýrlæk er lokið. Lönduðum tveimur flottum fiskum og misstum 10 eða 11. Allir fiskarnir tóku í Sýrlæknum sáum varla fisk í Jónskvíslinni. Takk fyrir okkur SVFK.



Jens Valgeir Óskarsson með maríulax og fyrsta flugufiskinn sinn

Fossálar 15. sept

Jens Kristinsson skrifar

Setið úti við að hnýta flugur í veðurblíðunni í dag í Fossálum, einn birtingur á land í dag 1,5 kg á bleikan Dýrbít í sólinni. Það er töluvert líf, sáum fisk stökva í nr 8, fiskur í nr 13,5. Þó nokkuð af fiski að velta sér í nr 16. Það er lax í nr 18, reyndum mikið við hann en hann gaf sig ekki.

Fossálar 18.sept

Óskar Færseth skrifar

16-18 sept. Ásgeir Ólafsson og félagi hans Daníel gerðu það gott í álunum.

Glæsilegt hjá þeim félögum.

Geirlandsá

Óskar Færseth skrifar



Hannes Karlsson við Fosshyl í Geirlandsá

Hollið 12.-14. sept var með 16 flotta birtinga og hollið 14.-16. sept var með 9 birtinga. Hef ekki heyrt af hollinu 16.-18. sept. Vonandi fáum við fréttir af því, alltaf gaman ef veiðimenn senda myndir og fréttir, skora ég á ykkur veiðimenn og konur.

Geirlandsá 16-18. sept

Sigurlaugur Gíslason skrifar

Hollið var með 13 fiska. Illu heilli var ekki allt skrifað í bókina. Mest í Ármótum en fiskur annars tekinn um alla á. Mikið af fiski inn í fossi en tók ekki.

Geirlandsá 20.-22. sept

Grétar Ingólfur Guðlaugsson skrifar

Alls komu 8 fiskar á land, ekki mikið af nýgengnum fisk allir legnir. Slatti af fiski á við og dreif um ána.



Hermann Karlsson að lengdarmæla

Fossálar 26.-28. sept

Birkir Snær Nielsson skrifar

Vorum búnir að vera veiða fyrstu tvo dagana en engin var taken enda áin vatnsmikil og allt í kakó.

27. september hætti að rigna og þegar við vöknudum að morgni síðustu vaktar og skoðuðum ána var hún aðeins að ganga niður. Við reyndum á fullu en ekkert gekk en þegar klukkutími var eftir af veiðitímanum þá prófa ég að fara hinumegin við bakkann á svæði 16 og kasta með straumnum í dýpið, þá bara bæng !! Fann strax að þetta var ekkert lítill fiskur á stönginni og svo þegar hann sýndi sig eftir cirka 5 mín fór adrenalínið alveg í botn. 30 mín seinna eftir erfiða baráttu kemur þessi dreki á land, 96 cm og 8 kg sjóbirtingshængur.



TSA ehf.

Brekkustíg 38 • 260 Reykjanesbær

**Nýsmíði • Viðhald
Innréttingar • Blikksmíði**

Ari Einarsson sími 894 0354

Stefán G. Einarsson sími 896 2788

Netfang: tsa@tsa.is • Veffang www.tsa.is



Fréttir að austan, 29. sept

Óskar Færseth skrifar

Pokkaleg veiði hefur verið í Geirlandsá núna í sept þrátt fyrir risjótt veður á köflum, rignt hefur nokkuð og áin farið á yfirfalli nokkrum sinnum og litast í leiðinni, en þrátt fyrir það hafa hollin verið að enda með þetta 10 upp í 18 fallega birtinga, td voru þeir feðgar Daði Þröstur Þorgrímsson, Falur Daðason og félagar í ánni 22. til 24. sept og enduðu með 16 birtinga. Aðeins hefur borið á geldfiski nú síðustu daga sem er ánægjuefni fyrir okkur. Grenlækur hefur verið rólegur í haust en vonandi fer geldarinn að láta sjá sig þar en hann ber uppi veiðina seinni part sept og okt. Fossálar og Jónkvísl hafa verið í sæmilegum málum annað slagið en vantar að fá nánari fréttir þaðan.

Geirlandsá 3. okt

Eiríkur Hermannsson skrifar

Við frændurnir ásamt þremur góðum vinum vorum að koma úr Geirlandá í gær. Áin var vatnsmikil á miðvikud. ca 115mm á mælinum við Flatarhyl og óvæð en vel tær. Vatnsborð fór lækkandi og var komið í rúma 90mm í gær. Samtals veiddust 26 birtingar, stærsti 84cm sem Hermann fékk á fluguna við Mörtungunef og elti niður í Fernishyl í niðamykri! Einnig fengust nokkrir á bilinu 75-80. Öllum stórfiski var sleppt. Frábær veiðiferð og eftirminnileg.

Grenlækur sv 4. 10. okt

Óskar Færseth skrifar

Vorum að enda í Grenlæk félagarnir í sól og blíðu allan tíman og enduðum með 9 birtinga.

Geirlandsá 10.-12.okt.


Grétar Ingólfur Guðlaugsson skrifar

Flottur túr að baki, þrír komu úr Skóghyl, einn úr Hvannahillu, átta úr Mörtungu og sjö úr Ármótunum ef ég man þetta rétt. Alls 19 stk allt að 5 kg og voru nokkrir vel silfraðir. Sól og blíða var á laugardag og í dag og rok og rigning á sunnudaginn með tilheyrandi vatnavöxtum.

Fossálar 12. okt

Óskar Færseth skrifar

Davíð Eyrbekk og félagar voru að enda í álnum í dag og var fín veiði hjá þeim félögum. Enduðu í 9 flottum birtingum, stærð allt að 10 pundum. Töluvert af fiski í ánni að þeirra sögn.



David Zehla með 65 cm birting við Höfðabólshyl í Geirlandsá

BERGRAF EHF

An advertisement for Stapaprent. It features a scenic view of a river flowing through a valley with green hills. In the foreground, a person wearing a blue jacket is walking along the riverbank. The text "Við hönnum og prentum Allt sem þú þarft" is written in white at the top. Below it is a logo consisting of several overlapping colored shapes (blue, pink, yellow, black). The word "Stapaprent" is written in large white letters, followed by "- Fyrir þig síðan 1984 -". At the bottom, contact information is provided: "Grófin 13c • 230 Reykjanesbær • Sími 421 4388 stapaprent@stapaprent.is • www.stapaprent.is".

Vorveiðin í Geirlandsá



Sigursveinn Bjarni Jónsson í góðum málum

Árnefnd Geirlandsár opnaði ána dagana 9.-11. apríl en vetrarhörkur á svæðinu gerðu það að verkum að ekki var hægt að opna ána eins og venja er dagana 1.-3. apríl.

Mikil rigning á svæðinu í vikunni fyrir opnun gerði það að verkum að efri hluti árinna sprengdi sig úr klakaböndum. Ruddi sig með látum og þeytti öllu fram úr gljúfrunum. Safnaðist mest allur klakinn fyrir á lygnasta kafla árinna sem eru Ármótin, sá mikli veiðistaður, þar sem 90 prósent allrar veiði er á vorin. Þegar vatn fór að sjatna aftur þá sátu heilu

klakaborgirnar eftir þannig að svæðið var eins og skriðjökull yfir að líta eftir ósköpin. Snjóaði svo meira í ofanálag en tveggja daga sólbráð gerði gæfumuninn og loks hægt var að opna ána seinnipart 9. apríl. Var ekki hægt að komast í neðri hluta Ármóta fyrst til að byrja með en sól og rigning seinni hluta tímans lagaði ástandið þar til muna.

Mikið var af fiski á svæðinu eins og við var að búast. 93 fiskar komu á land og var sett í marga stóra fiska. Stærstur var 97 cm hængur og annar litlu minni eða 96 cm. Báða fiskana setti Gunnar Óskarsson

í. Mest var um stóran hrygningarfisk að ræða en einnig var eitthvað af geldfiski á svæðinu.

Flugurnar Black Ghost, Snælda og Dýrbítur virkuðu langbest.

Veiðin var góð nánast allan tímann fyrir utan einhverja 3 samfellda daga þar sem stórfloð var eftir miklar rigningar í kringum 20 apríl. Síðasta skráða holl fór 9.-11. maí og landaði 12 fiskum. Það veiddust 410 sjóbirtingar í vor, 320 á flugu og 90 á spón. 390 fiskum var sleppt aftur sem er um 95% slepping.



Jón Bjarni Jónsson



Ragnar Bjarni Stefánsson fékk fisk í sinni fyrstu veiðiferð



Júlíus M Jónsson



Hjörleifur Stefánsson



Fríða Stefánsdóttir með flottan maí birting



Setið á ísborgum



Gunnar Óskarsson með 97 cm



Frá skrifstofu...

Stangveiðifélag Keflavíkur

Hafnargötu 15 eh

230 Keflavík

S: 421 2888

Heimasíða og vefverslun : www.svfk.is

Netfang: svfk@svfk.is

Athugið breyttan opnunartíma skrifstofu

Skrifstofa SVFK er opin frá kl. 18:30-20:30 á mánudags og fimmtudagskvöldum eftir að forúthlutun lýkur og verður svo til 12. apríl

Við vekjum sérstaka athygli á breyttum opnunartíma frá 12. apríl til 18. okt þar sem skrifstofan verður þá opin einu sinni í viku og verður það á miðvikudagskvöldum frá kl 18:30-20:30

Innheimta félagsgjalda

Allir félagar fá í janúar, ár hvert, senda rukkun í heimabanka vegna félagsgjalda og viljum við minna félagsmenn á að greiða þá sem fyrst.

Aðeins skuldlausir félagar koma til greina við úthlutun leyfa.

Hafi einhverjir ekki fengið senda rukkun þá biðjum við viðkomandi að hafa samband við skrifstofu sem allra fyrst. Þeir sem skulda tvö árgjöld eða fleiri eiga á hættu að verða felldir út af félagskrá samkvæmt lögum félagsins en þurfa samt sem áður að standa skil á útistandandi ógreiddum félagsgjöldum. Jafnframt skal það ítrekað að þeir sem ætla að segja sig úr félaginu þurfa að gera það skriflega, og afhenda það eða senda skrifstofu félagsins.

Úthlutun og sala veiðileyfa SVEK fyrir árið 2021

Umsóknir berist félaginu á þar til gerðu umsóknarformi sem er að finna á heimasíðu félagsins fyrir kl 16 þriðjudaginn 9. mars.

Eiga allir að fá senda staðfestingu á móttöku í tölvupósti frá félaginu, fyrr er umsóknin ekki gild.

Einnig má setja umsóknir í póstkassa félagsins að Hafnargötu 15.

Afgreiðsla veiðileyfa verður sem hér segir:

Félagsmenn menn skulu athuga með veiðileyfin sín á úthlutunardeginum sem er fimmtudagurinn 11. mars frá kl. 18:30 -20:30 með því að mæta á skrifstofuna senda tölvupóst eða hringja.

Þeir sem ekki athuga með veiðileyfin sín þann 11. mars geta átt von á því að missa veiðileyfin sín fyrirvaralaust.



Gjaldalagi veiðileyfa og greiðslutilhögun:

Veiðileyfi í vorveiði þarf að greiða að fullu á úthlutunardögum.

Sumar og haustleyfi verði staðfest með 30% greiðslu á úthlutunardögum.

Félagsmönnum ber að ganga frá fullnaðaruppgjöri 11. apríl.

Eftir 11. apríl fara þau leyfi sem verða ófrágengin í almenna sölu.

Athugið að 30% staðfestingargjald er óendurkræft að þeim tíma liðnum.

Hægt er að greiða í heimabanka eða koma á skrifstofutíma.

Bankanúmer SVFK 0542-26-2953, kennitala er 620269-0509.

Vinsamlega sendið greiðslukvittun í tölvupósti á www.svfk.is

Heimasíða félagsins

www.svfk.is

Hægt er að sækja um veiðileyfi í forúthlutun og nálgast allar helstu upplýsingar um öll okkar ársvæði. Á vefnum má einnig finna það sem hæst ber hverju sinni en betur má ef duga skal og eru allar ábendingar um efni frá félagsmönnum vel þegnar á netfangið svfk@svfk.is.

Vefverslun/almenn sala veiðileyfa

Vefverslunin er inni á heimasíðu félagsins www.svfk.is og er hægt að kaupa og

gangna frá kaupum á veiðileyfum í greiðslugáttinni þar.

Leitið endilega að SVFK á fésbókinni þar sem menn skiptast á fréttum og upplýsingum.

Eftir forúthlutun verður vefverslunin sett í loftið þar sem öllum er gefin kostur á að kaupa veiðileyfi með greiðslukortum og geta prentað út leyfi ofl uppl.

Veiðikortið 2021.

Félagsmönnum í Stangaveiðifélagi Keflavíkur býðst kortið á kr. 6,300,- en almennt verð er kr. 7,900,- Til þess að nýta sér tilboðið þarf að fara á heimasíðu SVFK og smella á auglýsinguna fyrir veiðikortið.

Búferlaflutningar

Félagsmenn sem flytja búferlum eru vinsamlegast beðnir um að tilkynna það skrifstofu.

Félags- og inntökugjöld í SVFK

Inntökugjald:

kr. 10.500 fyrir 16 ára og eldri,

kr. 5.250 fyrir yngri en 16 ára, maka félagsmanna

Í inntökugjaldi er innfalið inntöku- og félagsgjald fyrsta árið.

Félagsgjald:

kr. 8.000 fyrir 16 ára til 67 ára,

kr. 3.250 fyrir yngri en 16 ára, maka félagsmanna og 67 ára og eldri

Af hverju að gerast félagi í SVFK ?

1. Forgangur í allar ár sem félagið hefur upp á að bjóða.
2. 15% afsláttur af öllum veiðileyfum
3. Veiðikortið með afslætti.
4. Færð sent veglegt félagsblað einu sinni á ári.
5. Aðgangur að veiðimannakvöldvökum og veglegri árshátíð félagsins.
6. Aðgangur að niðurgreiddum kast- og fluguhnýtingar námskeiðum.

Stangveiðifélag Keflavíkur þakkar eftirtöldum aðilum veittan stuðning við útgáfu blaðsins

Ásdís Guðbrandsdóttir
Óskar Færseth
Styrmir Gauti Fjeldsted
Sigursveinn Bjarni Jónsson
Hólmgeir Hólmgeirsson
Sigurður Jóhannsson
Talþjálfun Suðurnesja
Ásgeir Ólafsson

Sigmar Rafnsson
Daði Þröstur Þorgrímsson
Leifur A Ísaksson
Guðjón S Rúnarsson
Magnús Haraldsson
Jón Ragnar Gunnarsson
Þórhallur Guðjónsson
Ögmundur Erlendsson

Arnar Óskarsson
Fanney Dórothe
Jón Þór Gunnarsson
Gunnar J Óskarsson
Kristín Þóra Benediksdóttir
Gróa Sigurbjörnsdóttir
Alexander J Polson

Almennar umgengni og veiðireglur

Brot á reglum varðar refsingu skv. lögum S.V.F.K. og skv. landslögum þar sem við á

- I.
Veiðimenn skulu bera á sér veiðileyfi sitt og sýna það veiðiverði ef óskað er. **Veiðileyfin eru gefin út á nafn og er framsal óheimilt nema með samþykki félagsins.** Veiðiverðir hafa heimild til að skoða veiðitæki og feng. Skráið vel og skilmerkilega í veiðibækurnar. Leyfið tóku hreistursýna ef óskað er.
- II.
Leyfilegt er, á öllum ársvæðum SVFK, að tveir veiðimenn séu saman um stöng og skulu þeir fylgjast að við veiðarnar. **Það er mjög alvarlegt brot ef veiðimenn sem eru saman um stöng veiða samtímis. Varðar það brottrekstur beggja úr ánni þegar í stað,** upptöku afla og frekari refsingu eftir því sem við á. Skipting á tíma á sitt hvorum stað við ána er óheimil.
- III.
Kappkostið að ganga vel um veiðisvæðið. Fleygið ekki rusli í árnar, á árbakkana eða á víðavangi. Hlífíð gróðri og valdið ekki jarðraski. Forðist akstur utan venjulegra ökuslóða. Lokið girðingahlíðum.
- IV.
Í öllum veiðihúsum S.V.F.K. eru rúmstæði með dýnum, eldunaraðstaða, áhöld til matreiðslu og borðbúnaður. Veiðimenn þurfa að hafa sængur ásamt sængurfötum meðferðis. Veiðimönnum ber að ganga vel um veiðihúsin og umhverfi þeirra og skila þeim ásamt öllum búnaði hreinum og vel frá gengnum í hendur þeirra sem næstir koma. **Veiðimenn eiga rétt á að koma í veiðihúsin einni klukkustund áður en veiðitími þeirra hefst. Vinsamlegast komið ekki að veiðihúsunum fyrir tilsettan tíma. Það truflar þá sem þar starfa að frágangi. Veiðimenn skulu rýma húsin klukkan 14 á brottfarardag.** Sé einhverju ábótavant í húsunum er þess vænst af félagsmönnum S.V.F.K. að þeir bæti þar um, eftir því sem við verður komið. Sé frekari úrbóta þörf skal formanni árnefndar gert viðvart. Í veiðihúsunum eru upplýsingar um árnefndarformenn á hverjum stað.
- V.
Á flestum veiðisvæðum gilda einhverjar sérreglur og er þær að finna í viðkomandi veiðihúsum. Veiðimönnum ber að kynna sér þessar reglur áður en þeir hefja veiði. **Vanræksla þar um veitir enga afsökun.**

Frábært verð og úrval

Í BYKO SUÐURNESJUM!



BYKO Suðurnes - Sími: 421 7000
Opíð: Virka daga frá 8-18
og laugardaga frá 10-14





Skýrsla vegna bikarúthlutunar SVFK 2020

1. Bakarabikarinn

Hann er veittur félagsmanni fyrir stærsta veiddan lax á svæðum félagsins og er það Sigurjónsbakarí sem gefur þennan veglega farandgrip.



Bikarinn er veittur fyrir 6 kg hæng sem veiddist á maðk í Kleifarnefi í Geirlandsá 20. júlí.

Veiðimaðurinn er Jón Kristinn Marteinson.

2. Flugumaðurinn

Það er AM Trésmiði sem gefur þennan glæsilega bikar og er hann árlega veittur þeim félagsmanni sem veiðir flesta flugulaxa á svæðum félagsins í einni veiðiferð.

Bikarinn gekk ekki út að þessu sinni.

3. Kvinnabikarinn

Þennan bikar gaf Sportbúð Óskars 1991 og er hann veittur fyrir stærsta fisk sem eiginkona félagsmanns eða félagsbundin kona veiðir.



Bikarinn er veittur fyrir stóran sjóbirting sem veiddist í Geirlandsá 13. sept.

Fékkst fiskurinn á maðk á þeim fræga veiðistað Ármótum. Eftir mikil átök þá var 87 cm löngum hæng landað og vóg hann 7.8 kg.

Veiðikonan er Kristín Þóra Benediktsdóttir.

4. Verkfræðistofubikarinn

Þennan glæsilega grip gefur Verkfræðistofa Suðurnesja og er hann veittur konu fyrir stærsta flugufisk á svæðum félagsins.

Þessi gripur gekk því miður ekki út að þessu sinni.

5. Verkalýðsbikarinn

Gefinn af Verkalýðs og sjómannafélagi Keflavíkur árið 2000. Hann skal veita börnum eða unglingum undir 16 ára aldri fyrir stærsta veiddan fisk á svæðum félagsins.



Fæst bikarinn fyrir risastóran sjóbirting sem fékkst í vorveiði þann 2. apríl á veiðistað nr 15 Brúnni í Fossáunum. Fiskurinn reyndist vera hængur og fékkst á fluguna Dentist. Var fiskurinn mældur 93 cm áður en honum var sleppt aftur.

Veiðimaðurinn er hinn 8 ára Ragnar Guðberg Ólafsson.

6. Flugubikarinn

Þessi bikar var gefinn af Stangveiðifélagi Hafnarfjarðar 22. nóvember 1998 í tilefni 50 ára afmælis SVFK.



Hann er veittur félagsmanni fyrir stærsta veiddan lax á flugu á svæðum félagsins.

Þessi gripur er að þessu sinni veittur fyrir lax sem veiddur var í Geirlandsá þann 20. júlí. Fiskurinn fékkst í Kleifarnefi á Sunray Shadow. Reyndist hann vera 5 kg.

Veiðimaðurinn er Jón Kristinn Marteinson.

7. Flugubikar yngsta veiðimannsins

Konráð Lúðvíksson gaf þennan bikar 1987.

Fæst bikarinn fyrir risastóran sjóbirting sem fékkst í vorveiði þann 2. apríl á veiðistað nr 15 Brúnni í Fossáunum. Fiskurinn reyndist vera hængur og fékkst á fluguna Dentist. Var fiskurinn mældur 93 cm áður en honum var sleppt aftur.

Veiðimaðurinn er hinn heppni Ragnar Guðberg Ólafsson 8 ára.



8. Fiskóbikarinn

Það er Gæludýra-verslunin Fiskó sem gefur gripinn og er hann veittur fyrir stærsta veiddan sjóbirting á svæðum félagsins.

Bikarinn er veittur fyrir boltafisk sem tók maðk á sv 4 í Grenlæknum þann 23. sept. Reyndist fiskurinn sem fékkst á veiðistaðnum Tunnunni vera 8,5 kg hrygna.

Veiðimaðurinn er Óskar Færseth.



9. V.Í.S. bikarinn

Gefinn af Vátryggingafélagi Íslands og skal hann veittur fyrir stærsta sjóbirting veiddan á flugu í sumar og haustveiði.

Það var 1. september sem landað var 90 cm langri hrygnu í Ármótum í Geirlandsá. Flugan Black Ghost var losuð varlega áður en henni var sleppt aftur.

Veiðimaðurinn er Björgvin Magnússon.



Fjölskylduparadís

Vesturhópsvatn

Vilhjálmur Ólafsson kastar flugu í sólsetrinu

Verðskrá

Tvær aðskiptar íbúðir undir sama þaki með sérinngangi. Útleigu fylgir heimild til veiða með 4 stöngum með hvorri íbúð og afnot af bátum.

Tímabilið frá 5/6-10/8 ein íbúð. (sumar)
Sólarhringsleiga frá mánud.-föstud. verð kr. 17.000
Helgarleiga frá föstud.-mánud. (þrjár sólarhringar) kr 51.000

Tímabilið frá 10/8-5/6 ein íbúð. (haust,vetur,vor)
Sólarhringsleiga frá sunnud.-föstud. verð kr 15.000
Helgarleiga frá föstud.-sunnud (tveir sólarhringar) kr. 30.000

Allt innifalið í verði þ.e. íbúðin, 4 stangir og afnot af bát.

Staðsetning

Vesturhópsvatn er staðsett í Þverárhreppi í V.-Húnaþing. Hæð yfir sjó er 19 m. og flatarmál 10.3 km². Mesta mældu dýpi er 28 m. Mesta lengd 6.9 km. og mesta breidd 2.3 km. Umhverfi vatnsins er mjög fagurt og gnæfir Borgarvirki yfir austurhluta þess. Vegalengdin frá Reykjanesbæ er um 250 km um Hvalfjarðargöng og er vatnið 24 km frá Hvammstanga. Fagurt umhverfi er við Vesturhópsvatn, og margt að skoða. Skammt austan vatnsins er blágrýtisstapi sem kallast Borgarvirki, 177 metra há. Þar eru rústir af fornu virki en enginn veit hver hlóð það eða hvers vegna þótt þjóðsögur hermi að Víga-Barði Guðmundsson, sem frá segir í Heiðarvíga sögu og bjó í Ásbjarnarnesi við Hópið, hafi látið reisa það.

Veiðihús:

Mjög gott hús er við vatnið með tveimur aðskiptum íbúðum undir sama þaki. Í hvorri íbúð fyrir sig, sem eru um 50m², er svefnpláss fyrir amk. átta



Hvolpasveitin með flotta júniveiði



Sandra Ósk með sinn fyrsta fisk



Fríða Stefánsdóttir að gera klárt





manns, sex í kojum og tveir í svefnsófa. Jafnvel geta tíu gisti þar sem tvö rúmstæði eru ein og hálf breidd og eru þannig hentug fyrir fullorðin og barn. Húsið er rafvætt, eldavél með bakarofni og öll helstu raftæki. Baðherbergi með sturtu.

Á staðnum eru gasgrill fyrir hvora íbúð.

Leigjendum er heimilt að koma í hús kl 15.00 á komudegi og skulu vera búnir að rýma húsið fyrir kl 14 á brottfarardegi.

Athugið að við gatnamót inn á veg 716 rétt áður en komið er að vatninu eru sorpgámar þar sem dvalargestir geta losað sorp að dvöl lokinni.

Íbúðunum skal skila af sér vel þrifnum og allt rusl fjarlægjast.

Leigjendur leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, viskustykki og borðtuskur.

Björgunarvesti eru einnig á staðnum fyrir börn og fullorðna.

Árnefndarformaður er Vilhjálmur Ólafsson í síma 846 4452

Endilega verið í sambandi ef eitthvað má betur fara eða er ábótavant í húsunum.

Leiðarlýsing að húsi:

Ekkinn er þjóðvegur 1 sem leið liggur norður í land um Hvalfjarðargöng. Ekið er framhjá afleggjaranum inn að Hvammstanga og eknir um 6,5 km í viðbót eða þar til beygt er til vinstri inn á Vatnsnesveg nr. 711. Þar er ekið sem leið liggur inn að vatninu um 11 km leið. Beygt er til hægri inn að einu sumarhúsabyggðinni sem staðsett er vestanmegin við vatnið. Fylgt er eftir vegslóðanum um 700 mtr. þar til heimreið merkt SVFK blasir við.

Veidiþyrirkomulag:

Heimild er til veiða með fjórum stöngum með hvorri íbúð fyrir sig og engin takmörkun á stöngum fyrir börn yngri en 12 ára. Daglegur veiðitími er frjáls þó annað komi fram á veiðileyfinu.

Einnig er heimilt er að leggja net yfir nóttina en þau eru ekki á staðnum.

Það eru aðrir bústaðir á svæðinu og fylgir

Elín Yngva, Bergný Jóna, Anna Elín, Fríða og Fanney Dórothe í fullum skrúða



netarétturinn öllum húsum.

Leyfilegt er að veiða alla strandlengjuna innan veiðimarka sem afmarkast annarsvegar við Klambranes og hinsvegar lækjarins Kýrlágs sem er rétt sunnan við syðsta sumarbústaðinn.

Nýjir bátar eru til afnota fyrir hvora íbúð ásamt árum og eru þeir merktir. Björgunarvesti eru á staðnum.

Veiði af bát takmarkast við áður uppgæfningu veiðimörk en alls ekki nær en 150 mtr. frá strandlengjunni á móti. Heimilt er að sigla um allt vatn.

Veidin:

Allgóður fiskur er í vatninu. Aðalfiskurinn er urriði en einnig er að finna bleikju og murtu. Bleikjan og urriðinn veiðast allt að 3-4 pund, en þorinn er smærri.

Sjóbirtings og laxavon er einnig enda samgangur við sjó um Faxalæk og Víðidalssá. Dæmi eru um afarstóra fiska úr vatninu, allt að 6 til 7 kg. sjóbirtinga á seinni árum. Stærstu skráðu fiskar eru 12 kg. sjóbirtingur árið 1988 og 12 kg. vatnaurriði árið 1993.



Vilhjálmur Ólafsson árnefndarformaður sáttur með fenginn



Grenlækur

4. svæði - Fitjaflóð

Gunnar J Óskarsson búinn
að setja í ann í Neðri Skurði

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
17/5-19/5	4	17,000,-	19,500,-
27/5-29/5	4	17,000,-	19,500,-
6/6-8/6	4	12,000,-	13,800,-
10/6-12/6	4	12,000,-	13,800,-
24/6-26/6	4	12,000,-	13,800,-
2/7-4/7	4	15,000,-	17,250,-
10/7-12/7	4	15,000,-	17,250,-
24/7-26/7	4	15,000,-	17,250,-
*5/8-7/8	4	18,000,-	20,700,-
17/8-19/8	4	18,000,-	20,700,-
25/8-27/8	4	18,000,-	20,700,-
31/8-2/9	4	20,900,-	24,035,-
16/9-18/9	4	20,900,-	24,035,-
24/9-26/9	4	20,900,-	24,035,-
30/9-2/10	4	20,900,-	24,035,-
*6/10-8/10	4	19,000,-	21,850,-
14/10-16/10	4	19,000,-	21,850,-

Veidihús er innifalið í öllum verðum

Ath! vegna veiðidaga SVH koma
eftirtaldir dagar ekki til úthlutunar:
5/8-7/8 og 6/10-8/10

Veiditilhögun

Vorveiði:

Fjöldi stanga: 4

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur,
heill og hálfur dagur)

Veiditími: 7. maí - 20. júní

Agn: Flugla og spónn

Kvóti: 2 fiskar á stöng pr dag

Öllum niðurgöngufiski
(hrygningarfiski) skal sleppt

Allri bleikju skal sleppt

Sumar og haustveiði:

Fjöldi stanga: 4

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur,
heill og hálfur dagur)

Veiditími: 20. júní - 20. okt

Agn: Flugla, spónn og maðkur

Kvóti: 2 fiskar á stöng pr dag

Eftir að kvóta er náð

er bannað að veiða á maðk.

Allri bleikju skal sleppt

Daglegur veiðitími:

7. maí til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22

14. ágúst til 18. okt frá kl 7-13 og 15-21



Veidihús

Staðsetning

Grenlækur er staðsettur í Landbroti rétt
vestan Kirkjubæjarklausturs.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum
um Grenlækjarsvæðið sem er eitt það
fengsælasta á landinu. Þetta svæði lengir
sjóbirtingstímabilið þar sem hann veiðist
mun fyrir hér en á þeim svæðum sem við
eigum að venjast. Sjóbirtingsveiðin hefst
í maí og er fram í júní. Þá tekur við veiði
á staðbundum urriða og vænni bleikju.
Um miðjan júlí eru svo mættar fyrstu
alvöru sjóbirtingsgöngurnar og er fiskur
að ganga út októbermánuð.

Leiðarlýsing að húsi

Beygt til hægri af Þjóðvegi nr. 1 rétt áður
en farið er yfir Skaftárbrúna og er um
10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir
árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður
en beygt er til vinstri að heimreiðinni að



Óskar Færseth með fallegan ágúst birting

Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Þar er ekinn slóði sem liggur í hraunlendi meðfram túninu, niður brekku síðan er beygt til vinstri og sést þá húsið sem staðsett er í hraunjaðrinum.

Veidihús

Félagið á stórt og gott veiðihús sem er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið.

Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja manna (kojur)svefnherbergi í hinni. Gasgrill er á staðnum. Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfaradag.

Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Árnefndarformaður er Björgvin Magnússon sími 894 7990.

Veidibók

Veidibók fyrir veiðimenn SVFK er staðsett í veiðihúsinu.

Skrá skal allan afla vel og skilmerkilega í veiðibók einnig þeim fiski sem er sleppt.



Hjörleifur og Grétar Sigurbjörnsson búinn að setja í ann

Það er mikilvægt að einstaklingskrá hvern fisk.

Leiðarlýsing að veiðisvæði

Frá húsinu er ekin leið sem liggur til baka á söndunum meðfram hraunlendinu og beygt til vinstri sem leið liggur yfir lækjarsprænu og sveigir slóðin niður á sandinn. Slóðanum er fylgt niður að brú yfir Grenlæk. Allra stærstu bílar komast ekki yfir brúna. Vinsamlegast lokið öllum hliðum á eftir ykkur.

Veidistaðalýsing

Svæðið afmarkast af skiltum við veiðisvæðaskil. Að ofan eru veiðiskilin við skilti ofan við Efri-Skurð, en að neðan við skilti sem er staðsett við Neðri-Skurð, neðan við brúna.

Ferðast er um austurbakka veiðisvæðisins því vesturbakkinn er tæplega fær öðrum en fuglinum fljúgandi. Einnig má fara um nánast allt Flóðið á vöðlum, en þó þarf að gæta fóta sinna því á stöku stað er botninn laus í sér. Eins getur gróður flækst fyrir fótum veiðimanna, einkum síðsumars.

Bátur er til ráðstöfunar fyrir veiðimenn.

Veiðisvæðið byrjar við tangann rétt ofan við Efri-Skurð en niður af honum breiðir lækurinn úr sér og nefnist þar Fitjaflóð eða Flóðið. Í Flóðinu má á



Hjörleifur Stefánsson í bongó

sumrin finna ála með áberandi straumi en annars er vatnið þar kyrrt sem stöðuvatn. Margir telja veiðivon meiri í áلونum en aðrir segja að best sé að kasta fyrir fisk við brúnirnar á sefbreiðunum. Enn aðrir segja að vesturbakkinn, þar sem drullupyttirnir eru, sé bestur. Neðri endi Flóðsins endar á svonefndri Trekt. Kvíslast áin þar eftir á milli hólma og síðan sameinast árvatnið aftur í svokölluðum Neðri-Skurði allt til neðri veiðimarka sem eru við girðingu spólkorn neðan við brúna. Ekki er síður von á sjóbirtingi í Trektinni og Neðra-Skurði en í Flóðinu og Efri-Skurði.

Veidin 2020

Veiðitölur fyrir síðasta ár lágu ekki nákvæmlega fyrir þegar þetta er ritað.

Vorveiðin hófst með látum og var hún fín fram í fyrstu viku af júní.

Fyrstu sjóbirtingsgöngurnar voru svo mættar um miðjan júlí en veiðin var frekar dræm á köflum í allt haust og vantaði hreinlega geldfiskinn þar eins og annarsstaðar. Fréttir bárust svo að austan af miklum geldfiskgöngum eftir lok veiðitímans. Þetta staðfestir teljarinn í Grenlæk. Þannig að hann virðist hafa mætt full seint í partýið þetta árið. Meðalveiði síðustu ára er rúmlega 600 fiskar, mest sjóbirtingur.



Eiður Mar Júlíusson með flottan flugufisk á Vesturbakkanum

NS

**Netaverkstæði
Suðurnesja**

Brekkustíg 41 - 260 Njaróvík
Sími 421 2270 & 421 2470

Jónskvísl og Sýrlækur

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
4/7-6/7	3	12,900,-	14,835,-
14/7-16/7	3	12,900,-	14,835,-
18/7-20/7	3	12,900,-	14,835,-
26/7-28/7	3	12,900,-	14,835,-
1/8-3/8	3	25,000,-	28,750,-
9/8-11/8	3	25,000,-	28,750,-
19/8-21/8	3	25,000,-	28,750,-
27/8-29/8	3	25,000,-	28,750,-
2/9-4/9	3	27,000,-	31,050,-
10/9-12/9	3	27,000,-	31,050,-
18/9-20/9	3	27,000,-	31,050,-
26/9-28/9	3	27,000,-	31,050,-
4/10-6/10	3	27,000,-	31,050,-

Veiðihús innifalið í öllum verðum

Veiðitilhögun

Sumar og haustveiði

Fjöldi stanga: 3

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)

Veiðitími: 20. júní – 20. okt

Agn: Fluga, spónn og maðkur

Kvóti: 2 fiskar á stöng pr dag

Eftir að kvóta er náð

er bannað að veiða á maðk

Allri bleikju skal sleppt

Daglegur veiðitími

30. júní til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22

14. ágúst til 18. okt frá kl 7-13 og 15-21

Staðsetning

Jónskvísl og Sýrlækur eru staðsettir í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs.

Árnar eru mjög fallegar og skemmtilegar. Þetta eru fyrst og fremst sjóbirtingssvæði en þó er aðalveiðin yfir sumartímamann bleikja og staðbundinn urriði. Mjög gott aðgengi er að ánni.

Leiðarlýsing að húsi

Jónskvísl og Sýrlækur eru staðsettir í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs og er beygt til hægri af Þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri og er bærinn Fossar á vinstri hönd ásamt ánni og Arnardrangur er staðsettur



Veiðihús

við enda vegarins. Tekinn er vegslóði um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang. Þar er ekinn slóðinn sem liggur í hraunlendi meðfram túninu, niður brekku, þá er beygt til vinstri og sést þá húsið sem staðsett er í hraunjaðrinum.



Sigurður Jóhannsson var ekki lengi að fáann, 5 mín

Vinsamlegast lokið öllum hliðum á eftir ykkur.

Veidihús

Félagið á stórt og gott veiðihús sem er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið.

Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja manna (kojur)svefnherbergi í hinni. Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Árnefndarformaður er Björgvin Magnússon sími 894 7990.

Veidiþók

Veidiþókin fyrir Jónskvísl er við bæinn Fossa, vel merkt. Vinsamlegast skráið allan afla og setjið á sinn stað en ekki taka með upp í veiðihús þar sem hún gæti gleymst. Ástæðan fyrir þessari staðsetningu er sú að ekki öll veiðifélögin um Jónskvísl nota veiðihús SVFK.

Einnig er veidiþók í veiðihúsi SVFK og biðjum við okkar veiðimenn að skrifað veiðina í þá bók en alls ekki í báðar bækur.

Skrá skal allan afla vel og skilmerkilega í veidiþók einnig þeim fiski sem er sleppt.

Það er mikilvægt að einstaklingsskrá hvern fisk.

Veidistaðalýsing

Efri skil veiðisvæðisins markast við svokallað Rafstöðvarlón ofan brúar og



Stefanía Helga Björnsdóttir með flottan feng

neðri skil sem er um 100 mtr. neðan við neðsta foss og ármótum Sýrlækjar en þar er belgur sem afmarkar neðri mörk.

Jónskvísl er nánast einn samfelldur veiðistaður en þó eru nokkrir sérlega góðir hyljir og ber þar að nefna sérstaklega Eyvindarhyl sem getur geymt mikið af fiski. Fyrir neðan fossinn er svo góður veiðistaður sem mikið veiðist í árlega. Þá má ekki gleyma Sýrlæk sem er oft vanmetin vegna smæðar en árlega veiðast stórir fiskar í honum. Stór bleikja er í Jónskvísl en hún er yfirleitt um 3-6 pund og veiðist þá helst í júní-ágúst en eftir það virðist hlutdeild hennar minnka.

Veidin 2020

Veidin var með miklum ágætum og áin með eindæmum vinsæl, komast færri að en vilja. Fiskurinn var mættur snemma upp í Kvíslina og voru fyrstu fiskar að veiðast rétt um miðjan júlí og var mikið af fiski í ánni í allt haust en var tregari en vanalega til að taka og eru engar haldbærar skýringar á því. Annars fengu flest holl fiska og allir sáttir. Endanlegar tölur lágu ekki fyrir þegar blaðið fór í prentun.



Sigursveinn Bjarni Jónsson með fallegan júlí birting



Veidihópurinn Votar Varir setja sig í stellingar



Geirlandsá

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Vorveiði

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
3/4-19/4	4	26.400,-	30.360,-
19/4-1/5	4	20.600,-	23.690,-
1/5-31/5	4	13.400,-	15.410,-

Vikudvöl

Fimmtud.-fimmtud. með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
31/5-14/6	4	2.700,-	3.105,-

Sumarveiði

Þriggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
21/6-2/8	4	5.100,-	5.865,-
2/8-5/8	4	8.500,-	9.775,-

Hautveiði

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi.

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
5/8-7/8	4	15.600,-	17.940,-
7/8-13/8	4	23.400,-	26.910,-
13/8-31/8	4	27.000,-	31.050,-
31/8-18/10	4	54.000,-	62.100,-

Veidihús er innifalið í öllum verðum.

Ath. vegna happdrættis, bænda og veiðidaga SVH koma eftirtaldir dagar ekki til úthlutunar: 15/4-17/4, 11/8-13/8, 29/8-31/8, 2/9-4/9, 24/9-26/9 og 10/10-12/10

Veiditilhögun

Vorveiði

Fjöldi stanga: 4

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill, og hálfur dagur)

Veidítími: 1. apríl – 31. maí

Agn: Fluga og spónn

Kvóti: 2 fiskar á stöng pr dag

Öllum niðurgöngufiski (hrygningarfiski) skal sleppt

Sumarveiði

Fjöldi stanga: 4

Skipting daga: Þriggja daga holl (hálfur, heill, heill og hálfur dagur)

Veidítími: 20. júní – 5. ágúst

Agn: Fluga, spónn og maðkur

Kvóti: 2 fiskar á stöng pr dag

Bannað er að nota maðk eftir að kvóta er náð
Æskilegt að sleppa öllum sjóbirting sem er 70 cm eða yfir

Hautveiði

Fjöldi stanga: 4

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)

Veidítími: 5. ágúst – 18. október

Agn: Fluga, spónn og maðkur

Kvóti: 2 fiskar á stöng pr dag

Bannað er að nota maðk eftir að kvóta er náð
Æskilegt að sleppa öllum sjóbirting sem er 70 cm eða yfir

Daglegur veiðitími:

1. apríl – 1. maí frá kl 7-13 og 15-21

1. maí – 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22

14. ágúst – 18. október frá kl 7-13 og 15-21

Seld eru leyfi til 18. október þar sem leyfi fékkst fyrir framlengingu síðasta ár, ef einhverra hluta vegna framlenging verði ekki heimilud verða þau veiðileyfi sem seld eru þann tíma endurgreidd. Einnig er rétt að vekja athygli á því að einnig gæti orðið um veiðitakmarkanir á einhvern hátt að ræða í framlengingu t.d. eingöngu veitt á flugu og jafnvel sleppiskyldu á veiddum fiski.



Veidihús Geirlandsár

Staðsetning

Geirlandsá á Síðu er staðsett í V-Skaftafellssýslu og er án vafa ein af bestu sjóbirtingsám landsins.

Veidivon er fyrst og fremst mjög vænn sjóbirtingur með þó nokkurri laxveiði og bleikjuvon.

Áin er 22 km löng bergvatnsá og á upptök sín í Geirlandsárbotnum sem er í 500-600 m.h.y.s. upp á vesturhálendi Kaldbaks. Fiskgengi hluti árinna er um 12 km langur sem nær upp að Hagafossi. Fyrir neðan fossinn rennur áin í hrikalega fögrum gljúfrum sem breikka svo er neðar dregur en þar fer áin að sveigja um gljúfurbotninn og rennur svo um flatlendi þar sem malarbotn er og að lokum á söndum.

Leiðarlýsing að húsi

Ekið er sem leið liggur eftir þjóðvegi 1 til Kirkjubæjarklausturs. Beygt er við hringtorgið á Kirkjubæjarklaustri og keyrt inn áfram um 3 km á veg 203 sem er Geirlandsvegur.

Þar skammt innan við bæinn Geirland er tekin vinstri beygja inn heimreiðina að veiðihúsinu sem er staðsett í skógarlundi undir fjallinu Kylli.

Veidihús

Gott veiðihús er við ána með fjórum tveggja manna herbergjum (kojur), eldhúsi, setustofu, baðherbergi með salerni og sturtu. Útbúið helstu raftækjum ásamt eldavél með bakarofni.

Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag. Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Árnefndarformaður er Gunnar J Óskarsson sími 899 6393

Öll aðstaða við Geirlandsá er góð og hvetjum við fólk til þess að nýta sér þann möguleika að kaupa veiðileyfi á sumartímanum gegn vægu gjaldi og njóta hússins og útiverunnar.

Ódýr sumarleyfi

Tíminn frá 21. júní til 5. ágúst eru seldir 3 dagar saman.

(hálfur, heill, heill, hálfur dagur)

Leyfilegt er að veiða á fjórar stangir þessa sumardaga. Hvert holl kostar til félagsmanna 61,200 krónur nema tímabilið 2/8-5/8 sem kostar kr. 102,000.

Veiðin 2020

Í ár veiddust 688 sjóbirtingar, 44 laxar og 20 bleikjur.

Í vor veiddust 410 sjóbirtingar, 320 voru á flugu en 90 á spún og var 390 birtingum sleppt aftur.



Cedric Martignier með 72 cm sjóbirting í Ármótum

Alls var 474 sjóbirtingum sleppt í ár.

Vorveiði 410 sjóbirtingar.

Haustveiði 278 sjóbirtingur.

Laxveiði 44 laxar.

Yngstu veiðimennirnir

Það voru vaskir veiðimenn á ferðinni ásamt foreldrum sínum við Geirlandsá í byrjun maí og gerðu góða veiði. Ragnar Guðberg 8 ára og Óli Viðar 13 ára settu þar í sitthvorn birtinginn. Óli Viðar fékk sinn á bláan Hammer á Görðunum og var það 85 cm löng hrygna. Ragnar Guðberg setti í sinn á hvítan spún og var það 79 cm hrygna sem tók í Ármótunum. Þá má geta þess að Ragnar Guðberg var aftur á ferðinni ásamt veiðifélögum seint í júlí og setti þá í maríulaxinn sinn. Tók hann maðkinn í Ármótunum og reyndist hann



Kristín Þóra með 87 cm verðlaunafisk í Ármótunum

vera 1,5 kg og 57 cm langur hængur. Glæsilegt hjá þessum ungu veiðimönnum.

Stærstu fiskarnir

Það er vel þekkt að á þessu svæði veiðist á hverju ári stórir sjóbirtingar. Í haust veiddust 46 birtingar yfir 80 cm, miða má við að 80 cm sjóbirtingur sé rúmlega 5.0 kg að þyngd. Það má því segja að það er ansi gott hlutfall haustveiðinnar sem er yfir 80 cm.

Í vor var mikið af stórum fiski á ferðinni og veiddust hvorki fleiri né færri en 115 birtingar sem voru 80 cm og yfir. Eru þetta alveg ótrúlegar tölur og er hægt að segja að fjórði hver birtingur sem hafi veiðst hafi verið 80 cm eða stærri. Til að toppa þetta allt saman þá voru 18 birtingar af bæði vor og haustveiðinni



Loïc Martignier með 83 cm sjóbirting í Tóftarhyl



Jón Kristinn Jónsson með fallegan fisk í Hvannahillu

90 cm eða yfir. Þetta er ótrúlegt hlutfall, og eru þær veiðitilhaganir sem félagið hefur haft við ána greinilega að skila sér í gríðarlegum stærðum.

Þann 15. apríl er skráður í bók birtingur sem var mældur 98 cm. Arthur Karlsson er skráður fyrir þessum fiski sem veiddist í Ármótunum. Þetta var hængur og og fékkst hann á fluguna Blue Tinsel. Gunnar J. Óskarsson setti í sjóbirting þann 9. apríl og reyndist hann vera hængur sem var 97 cm að lengd. Flugan Black Ghost gaf þetta tröll og veiðistaðurinn var Ármót. Má nefna að Gunnar fékk í þessari sömu veiðiferð annan birting sem var 96 cm á sömu flugu, á sama stað. Bjarni Gestsson var á ferðinni við Brúna þann 24. apríl og setti hann í einn af þessum stóru. Reyndist hann vera 95 cm að lengd, gríðarmikill hængur. Var það Balance Lipa sem gaf þennan flotta fisk. Óþarfi er að taka fram að þessum fiskum var að sjálfsgöðu sleppt.

Haustið kom og að sjálfsgöðu mættu þessir tröllvöxnu höfðingjar á nýjan leik í ána. Í veiðibók er skráð að „Mörtungugengið“ hafið verið á ferðinni á bökkum Geirlandsár í september. Þann 11. september skrá þeir 91 cm hrygnu sem tók fluguna Þýsk Snældi í Ármótunum. Þá var Björgvin Magnússon við veiðar



Sigurgeir Jóhannsson með boltafisk í Tóftarhyl



Falur Daðason með alvöru lurk



Stella Mjöll fékk sinn fyrsta fisk í Tvístæðingshyl



Gunnar Sigurðsson með ágústlax í Kleifarnefi

í Geirlandsá enn fyrr í september en „Mörtungugengið“ og setti heldur betur í hann. Þann 1. september setur hann í hrygnu sem var 90 cm á fluguna Black Ghost. Voru það Ármótin sem gáfu þennan bolta. Sama dag setur hann í annan bolta í Tóftarhylnum og var það hængur sem var 89 cm. Var það maðurinn sem gaf þennan.

Stærsta laxinn á þessu ári setti Jón Kristinn Marteinson í á maðkinn í Kleifarnefi 20. júlí og reyndist hann vera 6,0 kg hængur.

Flugufiskar

Stærsta sjóbirtinginn á flugu fékk veiðihópurinn sem skráir sig í veiðibókina sem „Mörtungugengið“. Þetta var 11. september í Ármótum og reyndist vera hrygna sem skellti sér á fluguna Þýsk Snældi. Þá landaði Björgvin Magnússon öðrum svona bolta í Ármótum þann 1. september og var það hrygna sem var 90 cm að lengd. Varð það Black Ghost sem gaf þennan fisk. Að sjálfsgöðu var báðum þessum fiskum sleppt.

Stærsta laxinn á flugu fékk Jón Kristinn Marteinson og tók hann í Kleifarnefinu 20. júlí. Þetta reyndist vera hængur sem var 5.0 kg. Var það flugan Sunray Shadow sem gaf þennan flotta lax.

Veislubjónusta

Fermingaveislur

Fermingabækur

Kransakökur

Pantið tímanlega



Sigurjonsbakari - Hólmgarði 2 - Sími 421 5255 - 821 5255 - sigbak@mitt.is - sigurjonsbakari.net



Eftirfarandi veiðisvæði býður SVFK uppá í umboðssölu frá SVH

Eftirfarandi veiðisvæði býður SVFK uppá í umboðssölu frá SVH. Við viljum vekja athygli á því að eftirfarandi dagar verða eingöngu til umsóknar þar til úthlutun til félagsmanna lýkur, eftir það verður þeim dögum sem ekki seljast skilað.

Hlíðarvatn í Selvogi

Þetta frábæra bleikjuveiðivatn er í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabil verið eitt virtasta og gjöfulasta veiðivatn landsins, leyfilegt agn er fluga og spónn.

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.

Það er lykklahús á staðnum og það þarf að senda tölvupóst á stjorn@svh.is til að fá sent númer á lykklaboxi.

*ATH í ágúst eru stangirnar seldar saman í pakka

Verðskrá:

Verð á stöng pr. dag

Dags.	stangir	félagsmenn
14/5	5	6.000,-
9/6	5	6.000,-
17/7	5	7.000,-
20/7	5	6.000,-
15/8	*5	15.000,-
16/8	*5	12.000,-
21/8	*5	12.000,-
24/8	*5	12.000,-

DJÚPAVATN á Reykjanesi

Sannkölluð fjölskylduparadís.

Veiðihús með 8-10 svefnplássum, gott útigrill og fallegt umhverfi.

Stangarfjöldi er takmarkaður við 10 stangir og ekki er heimilt að veiða af bát. Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.

Það er lykklahús á staðnum og það þarf að senda tölvupóst á stjorn@svh.is til að fá sent númer á lykklaboxi.

Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið.

Verðskrá:

Verð fyrir húsið og allt vatnið pr. dag

Dags.	stangir	félagsmenn
9/6	10	20.000,-
15/6	10	20.000,-
18/7	10	25.000,-
19/7	10	20.000,-
5/8	10	20.000,-
16/8	10	20.000,-
3/9	10	20.000,-





Fossálar

Verðskrá:

Verð á stöng pr. dag

Vorveiði

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
3/4-19/4	3	15.400,-	17.710,-
19/4-31/5	3	11.300,-	12.995,-

Sumarveiði

Fjögurra daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
20/6-7/8	3	2.700,-	3.105,-

Hautveiði

Tveggja daga holl með skiptingu á miðjum degi

Dags	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
7/8-23/8	3	12.900,-	14.835,-
23/8-2/9	3	24.600,-	28.290,-
2/9-10/10	3	34.900,-	40.135,-
10/10-18/10	3	29.900,-	34.385,-

Veiðihús er innifalið í öllum verðum.

Ath. vegna happdrættis og veiðidaga SVH koma eftirtaldir dagar ekki til úthlutunar: 18/7-22/7, 30/7-3/8, 19/8-21/8, 25/8-27/8, 6/9-8/9, 14/9-16/9, 4/10-6/10, 12/10-14/10

Veiðitilhögur

Vorveiði

Fjöldi stanga: 3
Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)
Veiðitími: 3. apríl – 31. maí
Agn: Flugá
Sleppiskylda á öllum fiski

Sumarveiði

Fjöldi stanga: 3
Skipting daga: Fjögurra daga holl (hálfur, heill, heill og hálfur dagur)
Veiðitími: 20. júní – 7. ágúst
Agn: Flugá, spónn og maðkur
Kvóti: 2 fiskar á stöng pr dag
Eftir að kvóta er náð er bannað að veiða á maðk
Æskilegt að sleppa öllum fiski sem er 70 cm eða yfir.

Hautveiði

Fjöldi stanga: 3
Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)
Veiðitími: 7. ágúst – 18. október
Agn: Flugá, spónn og maðkur
Kvóti: 2 fiskar á stöng pr dag
Eftir að kvóta er náð er bannað að veiða á maðk.
Bannað er að veiða í Syðri-Ál eftir 10 okt
Æskilegt að sleppa öllum fiski sem er 70 cm eða yfir.



Veiðihús Fossála

Daglegur veiðitími:

1. apríl til 31. maí frá kl 7-13 og 15-21
 20. júní til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22
 14. ágúst til 18. okt frá kl 7-13 og 15-21.

Seld eru leyfi til 18. október þar sem leyfi fékkst fyrir framlengingu, (10. okt.-18. okt.), síðasta ár, ef einhverra hluta vegna framlenging verði ekki heimiluð verða þau veiðileyfi sem seld eru þann



Guðjón S Rúnarsson með fallegan haustbirting

tíma endurgreidd. Einnig er rétt að vekja athygli á því að einnig gæti orðið um veiðitakmarkanir á einhvern hátt að ræða í framlengingu t.d. eingöngu veitt á flugu og jafnvel sleppiskyldu á veiddum fiski.

Staðsetning

Fossálar eru í Skaftárhreppi í V-Skaftafellssýslu um 15 km austan við Kirkjubæjarklaustur. Fossálar falla til Skaftár austast á Síðunni.

Fossálar er nokkuð vatnsmikil á sem á upptök sín sunnan undir Miklafelli á Austur-Síðuafretti í um 550-600 m h. y. s.

Leiðarlýsing að húsi

Ekinn er Þjóðvegur 1 sem leið liggur yfir brúna yfir Fossálana og tekinn fyrsti vegslóði til hægri af Þjóðvegi 1 í gegnum merkt hlið. Þar er slóðanum fylgt, sem er vel merktur þar til að húsinu kemur.

Veidihús

Gott veiðihús er við ána og er öll aðstaða þar til fyrirmyndar. Húsið er staðsett við hraunjaðarinn við syðri-Ál í ákaflega fallegu umhverfi, en náttúrufergurð svæðisins er einstök.

Húsið er rafvætt og í því eru tvö þriggja manna herbergi (kojur) setuaðstaða, sturta, eldhúskrókur með ísskáp, eldavél og kælikistu.

Gasgrill er á staðnum.

Veiðimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veiðimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Árnfndarformaður er Ragnar Vilhjálmsson sími 823 1515

Veiðisvæðið

Veiðisvæðið nær frá landamærum



Ásgeir Ólafsson „Fossálasení“ með flotta veiði



Hafþór Hafsteinsson

gegnst Orrustuhól, rétt ofan gömlu Þjóðveggarbrúarinnar og til merkja á Brunasandi þar sem veiðisvæði Vatnamóta tekur við.

Syðri-Áll er einnig með þessu svæði

Ódýr gisting og veiðileyfi

Leigt er út húsið fjóra daga í senn yfir sumartímamann sem stendur frá 20.júní til 7. ágúst ásamt þremur stöngum.
Hvert holl kostar 32.400 krónur.

og eru upptök hans við hraunbrúna, hjá veiðihúsinu og sameinast Fossálum á Brunasandi. Rétt er að veita því svæði nokkra athygli því þar er oft ágæt veiði þó svo það láti lítið yfir sér. Veiðin er bleikja fyrri hluta sumars, sjóbirtingur er líða tekur á haustið. Hægt er að aka um neðri veiðistaði árinna

Veiðin 2020

Ágætis veiði var í Fossálum árið 2020, það voru 90 fiskar færðir til bókar og þar af veiddust 85 birtingar.

Meðalþyngd skráðra fiska var 2,8 kg og voru 17 birtingar skráðir 4kg eða stærri.

Þeir stærstu voru eftirfarandi:

Ragnar G. Ólafsson veiddi 93cm sjóbirting á veiðistað 15, þann 2. apríl á fluguna Dentist.

Birkir Snær Níelsson veiddi 8 kg sjóbirting á veiðistað 16, þann 28. september á svartan Toby.

Hjalti Sigmundsson veiddi 6.8 kg sjóbirting á veiðistað 16, þann 10. október á Lippu.

Hannes Karlsson veiddi 6 kg sjóbirting á veiðistað 16, þann 11. október á spón.

Árnfnd vill þakka veiðimönnum fyrir góða umgengni á húsi og veiðisvæði og vonast eftir góðu samstarfi við veiðimenn áfram.

Birkir Snær Níelsson með 96 cm öldung



Hrolleifsdalsá



Ögmundur Erlendsson og Ólafur Jónsson á góðri stundu

Verðskrá

Verð á stöng pr. dag

Dags.	Stangir	Félagsmenn	Aðrir
22/6 – 30/6	3	9.900,-	11.385,-
30/6 – 2/9	3	12.000,-	13.800,-
2/9 – 18/9	3	9.900,-	11.385,-

Veidihús er innifalið í öllum verðum.

Ath! Happdrættis og veiðidagar SVH sem koma ekki til úthlutunar:

14/7-16/7, 28/7-30/7, 5/8-7/8, 25/8-27/8, 2/9-4/9, 8/9-10/9.

Veiditilhögun

Fjöldi stanga: 3

Skipting daga: Tveggja daga holl (hálfur, heill og hálfur dagur)

Veiditími: 20. júní – 20. sept.

Agn: Fluga, spónn og maðkur frá ósi upp að brú. Spónn bannaður fyrir ofan brú.

Daglegur veiðitími:

20. júní til 14. ágúst frá kl 7-13 og 16-22

14. ágúst til 20. sept. frá kl 7-13 og 15-21.

Staðsetning

Hrolleifsdalsá er í Hrolleifsdal sem liggur til suðausturs inn í Tröllaskagafjallgarðinn upp frá Sléttuhlíð við austanverðan Skagafjörð.

Dalurinn er sagður kenndur við Hrolleif landnámsmann.

Áin fellur í austanverðan Skagafjörð um 18 km. norðan Hofsóss rétt sunnan við kirkjustaðinn Fell í Sléttuhlíð. Þar bjó forðum galdraklerkurinn Hálfván á Felli.

Þetta skemmtilega veiðisvæði býður upp á mjög fallega sjóbleikju, urriða og laxavon.

Leiðarlýsing að húsi

Húsið er frekar lítið og staðsett ofan vegar í landi Tjarna. Ekinn er þjóðvegur nr.



Veidihús Hrolleifsdalsár

76 að bænum Tjarnir og þar tekin hægri beygja inn á slóða sem liggur að veiðihúsi.

Hægt er að aka um neðri veiðistaði árinna en til að komast fram á dal þarf að nota tvo jafnfljóta.



Alda Ögmundsdóttir og Hinrik Bjarki Hjaltason



Sigurður Fanndal og Eva Bryndís



Sigurður Ólafsson með góðan feng



Hlöðver Ingi Gunnarsson kampakátur með lax

Veidihús

Ágætis veiðihús er við ána. Húsið er með tveimur tveggja manna herbergjum auk svefnlofts. Einnig er góður svefnsofi á staðnum. Þá er einnig heitt vatn ásamt sturtu. Húsið er rafvætt og helstu tæki eru til staðar, svo sem eldavél, ísskápur, kaffivél, brauðrist ofl.

Gasgrill er á staðnum

Veidimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Veidimönnum ber að þrifa húsið fyrir brottför og fjarlægja rusl.

Veidimenn leggja sjálfir til sængur, sængurfatnað, tuskur og viskustykki.

Árnefndarformaður er Arnbjörn Arnbjörnsson s 893 9329

Veidin 2020

Veidin síðasta sumar var með ágætum og voru 340 fiskur skráðir í bók.

Veidin skiptist þannig: 159 bleikja, 180 urriðar og 1 lax.

Hægt er að gera mjög góða veiði í urriðanum í september ef hann er komin niður úr vötnunum Sléttuhlíðarvatni og Kappastaðavatni til hrygningar.



Frosti Pétur Gardarsson



vfs.is

M18

EITT RAFHLÖDUKERFI
YFIR 165 VERKFÆRI

Milwaukee®
**ALVÖRÜ
VERKFÆRI**

**VERKFÆRA
SALAN**